



handbók
FORELDRAFÉLAGA GRUNNSKÓLA

Nóvember 2009

© Heimili og skóli 2009

Handbók – 3. útgáfa (áður handbók Mararskóla)



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

1 Markmiðsgrein grunnskólalaga

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótað af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Ný menntastefna

Þann 12. júní 2008 tóku ný grunnskólalög gildi, lög nr. 91/2008, og ríkisstjórnin samþykkti nýja menntastefnu og framtíðarsýn í skólamálaum. Þar er áhersla lögð á nemandann sjálfan og þá þekkingu, færni og kunnáttu sem hann aflar sér til undirbúnings fyrir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, atvinnulífi og til að mennta sig alla ævi. Einnig er lögð áhersla á samfellu, sveigjanleika og valfrelsi í skólastarfi, velferð nemandans og öflugt stuðningskerfi. Við undirbúning nýrrar menntastefnu var haft víðtækt samráð við hagsmunaaðila og auglýst eftir athugasemdum frá almenningi. Fulltrúar Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra tók virkan þátt í því ferli. Sérstök áhersla er lögð á aukinn þátt nemenda í skólastarfinu. Nemendaráð eru nú lögð bundin við hvern grunnskóla og er þeim ætlað aukið hlutverk í skólastarfinu.

Eitt af lykilatriðunum í nýrri menntastefnu er að tryggja velferð allra grunnskólabarna og jöfn tækifæri til náms, að nemendur og foreldrar þeirra eigi fjölbreytta valkosti er kemur að grunnskólum og tilhögun náms. Þá er gert ráð fyrir aukinni þátttöku foreldra í skólastarfi og þeim tryggð nánari tengsl við stjórn skóla. Ábyrgð, réttindi og skyldur barna og foreldra eru nánar skýrð og skerpt er á kæruleiðum og meðferð ágreiningsmála. Forræði sveitarfélaga er aukið í skólarekstri og sjálfstæði skóla styrkt. Í nýju lögunum er ábyrgð menntamálaráðuneytis, sveitarfélaga og skóla skýrð nánar og gæðastarfi gefið aukið vægi. Lögð er aukin áhersla á tengsl foreldra við skólastarfið og tengingu skólans við nærsamfélagið. Þannig er sveitarfélögunum skapað svigrúm til að móta skólahald og auka valfrelsi nemenda og foreldra (sjá nánar www.nymenntastefna.is og í frumvarpinu með nýju menntalögunum á www.althingi.is).

Yfirstjórn skólamála

Í grunnskólalögum segir að sveitarfélög beri ábyrgð og kostnað af grunnskólum svo og framkvæmd grunnskólastarfs í sveitarfélaginu. Einnig að sveitarfélög beri ábyrgð á samstarfi skóla við aðila utan hans. Í 6. gr. grunnskólalaga segir að í hverju sveitarfélagi skuli í umboði sveitarstjórnar vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni.

Sveitarfélögum ber nú samkvæmt lögum að setja sér almenna stefnu um grunnskólahaldið og kynna fyrir íbúum þess. Af þessu sést að æðsta vald í málefnum grunnskóla er í höndum skólanefndar og formanns hennar. Í stærstu sveitarfélögunum hafa verið ráðnir sérstakir fræðslustjórar til að sjá um daglega yfirstjórn skólamála en innan hvers grunnskóla er það skólastjóri sem er hæstráðandi og er framkvæmd og útfærsla skólastefnunnar á hans höndum.

Skólastjóri stjórnar skólanum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Segja má að „stjórnarskrá“ hvers grunnskóla fyrir sig sé skólanámskráin og í lögum er gert ráð fyrir árlegri starfsáætlun skóla. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð skólanámskrárinnar sem tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega. Sjá nánar í 29. gr. grunnskólalaga um skólanámskrá og starfsáætlun.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds. Skólastjóri er ábyrgur fyrir útfærslu þessara ákvæða og einnig fyrir umfjöllun í skólanum og í skólaráði og að gera skólanefnd grein fyrir því með hvaða hætti áætlanir hafi staðist. Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins.

Aðkoma foreldra að stjórnun skóla - Skólaráð

Á vettvangi skólaráðs koma foreldrar að mótun skólastarfsins. Skólaráð er samráðs-vettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Samkvæmt 8.gr. laga nr. 91/2008 tekur skólaráð þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Þar er m.a. fjallað um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð fylgist einnig almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólaráð fær til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Foreldrar eru því virkir í hugmyndavinnu og ákvarðanaferlinu frá byrjun. Tveir fulltrúar foreldra sem sitja í skólaráði eru kosnir af foreldrum samkvæmt sérstöku ákvæði í 9. grein grunnskólalaga. Í 8. gr. grunnskólalaga nr 91/2008 um skólaráð segir:

„Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.“

Foreldrafélög eru nú lögbundin. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun foreldrafélags og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags skv. 9. gr. laga nr. 91/2008 er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og um kosningu fulltrúa í skólaráð.

Hlutverk foreldrafélags er m.a.: (sjá nánar 1.4)

- að sjá um starfsemi foreldrafélaga skv. grunnskólalögum nr 91/2008
- að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla
- að hvetja til virkrar þátttöku foreldra í skólastarfinu
- hagsmunagæsla, aðhald og eftirlit með skólastarfinu
- tengsl og samvinna við skólastjórnendur
- tengsl við fulltrúa foreldra í skólaráði og skólanefnd sveitarfélagsins
- tengsl og umsjón með störfum bekkjarfulltrúa (fulltrúaráð)
- ábyrgð á skipulagningu og boðun fulltrúaráðsfunda í foreldrasamfélaginu
- tengsl við nemendaráð og hagsmunagæsla vegna nemenda
- tengsl við aðila utan skólans m.a. aðila í grenndarsamfélaginu og stjórnsýslunni
- tengsl fulltrúa foreldrafélagsins við svæðisráð foreldra og landssamtök foreldra

2 Inngangur

Handbók þessi er hugsuð til þess að auðvelda stjórnarmönnum foreldrafélags og fulltrúum foreldra í skólaráði störfin og auka aðgengi foreldra, skólastjórnenda og fræðsluyfirvalda að upplýsingum um starfsemi foreldrafélagsins.

Markmið handbókarinnar er:

- að efla starf foreldrafélagsins og vera öflugt bakland fyrir fulltrúa foreldra í skólaráði
- að auðvelda störf stjórnarfólks og tryggja samfellu í starfinu
- að gera aðkomu foreldra að skólastarfinu sýnilegri í skólasamfélaginu

Leiðin að markmiðinu:

Foreldrafélagið setur fram stefnumörkun sína í handbók sem þessari þar sem fram koma upplýsingar um starfshætti, skipulag, markmið og leiðir. Handbókin er einnig aðgengileg á heimasíðu skólans eða heimasíðu foreldrafélagsins eftir atvikum.

Markhópar: Foreldrar, bekkjarfulltrúar, foreldrasamtök, starfsfólk og stjórnendur grunnskóla, bæjaryfirvöld og upplýsingamiðlar/fjölmiðlar.



Merki skóla/foreldrafélags

Heimili og skóli – landssamtök foreldra eiga höfundarrétt að þessari handbók.
Foreldrafélög hafa leyfi til að nota hana og aðlaga að sínum þörfum.




Efnisyfirlit

1	Markmiðsgrein grunnskólalaga	ii
2	Inngangur	iv
	Efnisyfirlit	v
3	Markmið og skipulag foreldrafélags	1
3.1	Almenn markmið	1
3.2	Almennt um stjórn	1
3.3	Lög foreldrafélagsins	2
3.4	Starfsreglur og verksvið	4
3.5	Markmið stjórnar skólaárið 2009-2010	5
3.6	Skilgreining á starfi og verksviði bekkjarfulltrúa	6
3.7	Nefndir á vegum foreldrafélags	7
3.8	Fjármál Foreldrafélagsins	7
3.9	Samráðsfundir innan skólans	7
4	Fræðsla og kynningar	8
4.1	Kynning fyrir stjórnarfólk	8
4.2	Kynning fyrir bekkjarfulltrúa	8
4.3	Kynning fyrir foreldra	8
4.4	Fræðsla og forvarnir	9
5	Félagsstarf	9
6	Foreldrasáttmálinn – samkomulag foreldra innan bekkjar	10
7	Kynningarmál	11
7.1	Fréttabréf	11
7.2	Fundargerðir	11
7.3	Heimasíða	11
7.4	Starfsáætlun	11
7.5	Tengsl við fjölmiðla	13
8	Svæðisráð foreldrafélaga	15
8.1	Starfsreglur fyrir svæðisráð	15
9	Upplýsingar um símanúmer og netföng	16
10	Viðaukar	20
	Starfsreglur fyrir bekkjarfulltrúa	20
	Bekkjardagskrá veturinn 2009-2010	21
	Erindisbréf nefnda	22
	Vinahópar	23
	Starfsreglur Skólaráðs skóla	28
	Úr aðalnámskrá grunnskóla	30
	Umsögn um skóladagatal fyrir skólaárið	31
	Samskiptaleiðir foreldra við skólann	34

Foreldrasáttmálinn er árangursrík leið.....	35
Fulltrúi foreldra í skólanefnd	36
Erindisbréf fyrir fulltrúa foreldra grunnskólabarna í skólanefnd	37
Hvað segja rannsóknir?	38
Almennt um samstarf heimila og skóla.....	39
Þarfagreining á samstarfi heimila og skóla.....	41
Að skapa grunnskólanemendum góð uppeldis- og námsskilyrði	42
Sjálfsávarðanaréttur og andmælaréttur barna.....	43
Aukin foreldrahæfni	44
Fundarsköp.....	45
Fundargerð	46

3 Markmið og skipulag foreldrafélags

Félagar í foreldrafélaginu teljast allir forráðamenn nemenda í skólanum.



Myndræn tengsl foreldrafélaga – skólaráða við skóla, Svæðisráð og fræðsluráð/skólanefnd

3.1 Almenn markmið

Yfirmarkmið foreldrafélagsins kemur fram í 2. gr. laga félagsins, en það er meðal annars að vera samstarfsvettvangur foreldra, efla og tryggja gott samstarf heimila og skólans, vinna að velferð nemenda, koma á framfæri sjónarmiðum foreldra um skóla- og uppeldismál og standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.

Hvernig foreldrafélagið hyggst ná fram markmiðum sínum er nánar lýst í handbók þessari.

3.2 Almennt um stjórn

Stjórn foreldrafélagsins skipa sjö foreldrar/forráðamenn. Aldrei skulu fleiri en fjórir ganga úr stjórn í einu. Stjórnarkjör fer fram á aðalfundi sem haldinn er í maí ár hvert og er boðað til hans samkvæmt lögum félagsins. Fráfarandi formaður foreldrafélagsins skal boða til fyrsta stjórnarskiptafundar ekki seinna en tveimur vikum frá aðalfundi. Á fundinn mæta nýir stjórnarmenn sem og þeir sem ganga úr stjórn. Á stjórnarskiptafundi afhendir fráfarandi formaður nýrri stjórn gögn félagsins. Nýkjörin stjórn skiptir með sér verkum á fundinum og tilkynnir í kjölfarið skólayfirvöldum og öðrum samstarfsaðilum um þær breytingar sem hafa orðið á stjórn. Fulltrúar foreldra í skólaráðum eru á vegum foreldrafélagsins og þarf að tryggja tengsl þessara aðila við formann og stjórn foreldrafélagsins.

3.3 Lög foreldrafélagsins

1. grein Félagið heitir Foreldrafélag ... Félagar teljast allir forráðamenn nemenda skólans.
2. grein Markmið félagsins er að:
- vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum
 - efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans
 - styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði
 - koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál
 - standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska
3. grein Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því að:
- skipuleggja og halda utan um starf bekkjarfulltrúa í hverjum bekk
 - koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál
 - kjósa fulltrúa í skólaráð samkvæmt reglum félagsins
 - standa að upplýsingamiðlun til foreldra m.a. með útgáfu fréttabréfs og halda úti heimasíðu foreldrafélagsins þar sem birtar eru fundargerðir og annað er viðvíkur starfsemi félagsins
 - veita skólayfirvöldum lið svo að aðstæður til náms og félagslegra starfa verði sem bestar
 - styðja og efla hverja þá starfsemi, sem stuðlar að auknum þroska og menningu skólans
 - taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög, svæðisráð og landssamtök foreldra
4. grein Stjórn félagsins skipa sjö foreldrar/forráðamenn, æskilegt er að þar af sé einn sem einnig er fulltrúi foreldra í skólaráði. Stjórn skal kjörin til tveggja ára í senn þrjú stjórnarmenn annað árið og fjórir hitt árið. Formaður skal kosinn sérstaklega að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Auk formanns skal stjórnin skipuð varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur meðstjórnendum. Aldrei skulu fleiri en fjórir ganga úr stjórn í einu.
5. grein Bekkjarfulltrúar starfa á vegum foreldrafélagsins sem setur þeim starfsreglur. Bekkjarfulltrúar mynda fulltrúaráð foreldrafélagsins. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að efla og styrkja samstarf foreldra og barna og leitast við að treysta samband heimilis og skóla innan hversrar bekkjardeildar með nánu samstarfi við umsjónarkennara. Stjórn foreldrafélagsins ber ábyrgð á að í upphafi skólaárs séu kosnir tveir til þrjú fulltrúar forráðamanna úr hverri bekkjardeild til tveggja ára í senn. Í fyrsta bekk eru tveir eða einn kosnir til tveggja ára og einn til eins árs til að stuðla að því að allir hætti ekki á sama tíma.
6. grein Aðalfundur skal haldinn í maí ár hvert. Stjórnin boðar til fundarins í samstarfi við fulltrúa foreldra í skólaráðinu með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Í fundarboði skal kynna efni fundarins.

Verkefni aðalfundar:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar
- Skýrslur nefnda
- Lagabreytingar
- Reikningar lagðir fram til samþykktar
- Kosning formanns foreldrafélags og annarra stjórnarmanna
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- Skýrsla fulltrúa foreldra í skólaráði

- Kosning fulltrúa í skólaráð samkvæmt starfsreglum félagsins
 - Önnur mál
7. grein Stjórn foreldrafélagsins getur skipað nefndir um afmörkuð verkefni. Stjórnin ber ábyrgð á störfum nefnda og setur þeim erindisbréf.
8. grein Fulltrúaráðið skal koma saman eigi sjaldnar en þrisvar á skólaárinu og oftast þurfa þykir. Fyrsti fundur skal haldinn í upphafi skólaárs. Stjórn félagsins undirbýr og boðar til þessara funda. Þar skulu rædd mál er varða markmið og starf foreldrafélagsins, starf foreldra í bekkjardeildum og verkefni skólaráðs. Fulltrúaráð skal aðstoða stjórn félagsins í stærri verkefnum.
9. grein Stjórn foreldrafélagsins skal ekki sinna klögumálum eða hafa afskipti af vandamálum er upp kunna að koma á milli einstakra foreldra og starfsmanna skólans.
10. grein Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að óska eftir því að foreldrar greiði framlag til félagsins. Þetta framlag er innheimt árlega og er ákveðið á aðalfundi.
11. grein Ákvörðun um slit félagsins verður tekin með einföldum meirihluta á stórnarfundum og renna þá eignir þess til skólans.
12. grein Lögum þessum má breyta með einföldum meirihluta á aðalfundi, enda sé lagabreytinga getið í fundarboði.

Tillögur að starfsreglum fyrir foreldrafélög um kosningu í skólaráð grunnskóla (skv. 9.gr.laga nr. 91 frá 2008)

Stjórn foreldrafélags í samráði við skólastjóra auglýsir eftir tilnefningum úr hópi foreldra í skólaráð. Tryggja þarf að öllum foreldrum berist slík auglýsing. Það má gera með því að auglýsa á heimasíðu skólans, í fréttablaði, með því að senda tölvupóst á alla foreldra í gegnum mentor eða með töskupósti. Í auglýsingu er kynnt hvert hlutverk skólaráðs er, að kosið er til tveggja ára, fyrir hvaða tíma, á hvaða formi, og hvert skal skila inn tilnefningum. Þegar umsóknarfrestur er liðinn er fulltrúaráð foreldrafélagsins kallað saman, þ.e. stjórn, varastjórn, bekkjarfulltrúar (og þeir sem voru í foreldraráði áður eða við stofnun skólaráðs í fyrsta sinn) og farið yfir hverjir hafa gefið kost á sér. Í framhaldi er ákveðið hvenær kosning fer fram.

Ef enginn hefur gefið kost á sér þá tilnefnir hver fulltrúaráðsfulltrúi tvo til þrjá foreldra. Haft er samband við viðkomandi og þeir beðnir um að gefa kost á sér. Auglýst skal eftir foreldrum í skólaráð strax í upphafi skólaárs og skal niðurstaða kosningar vera ljós fyrir septemberlok. Allir foreldrar barna í viðkomandi skóla eru kjörgengir nema þeir séu kennarar eða starfsfólk viðkomandi skóla eða sitja sem kjörnir fulltrúar í skólanefnd viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags.

Þegar ljóst er hverjir gefa kost á sér eru kjörseðlar sendir heim til allra foreldra (einn á heimili) og foreldrar beðnir að skila kjörseðlum aftur til umsjónarkennara (sem merkir við þá sem kjósa) eða í kjörkassa á skrifstofu skólans. Einnig er hægt að halda rafræna kosningu á heimasíðu skólans eða hafa kosningu á aðalfundi foreldrafélagsins ef það hentar betur. Á heimasíðu skólans er sett stutt kynning á þeim foreldrum sem bjóða sig fram til setu í ráðinu.

Þegar kosið er í fyrsta sinn í skólaráð er annar fulltrúi foreldra kosinn til eins árs og hinn til tveggja ára. Varamenn skal kjósa í samræmi við það. Með því móti er tryggt að aðeins annað foreldri fari á sama tíma úr skólaráði.

Að öllu jöfnu skal miða við að fulltrúi foreldra sitji ekki lengur en fjögur ár samfelld í skólaráði.

3.4 Starfsreglur og verksvið

Stjórn foreldrafélagsins fundar annan miðvikudag í mánuði á kennarastofu skólans. Formaður hefur lykil að skólanum og boðar til fundanna með tölvupósti. Í fundarboði er sett fram dagskrá fundarins. Ritari félagsins ritar fundargerðir sem hann sendir fundarmönnum á tölvutæku formi fljótlega eftir fund. Fundargerðin er send til skólastjóra og skólaráðs og sett á heimasíðu foreldrafélagsins ef engar athugasemdir berast innan fimm daga frá því að hún er send út. Ýmis gögn félagsins eru í vörslu stjórnarformanns og eru geymd í skáp foreldrafélagsins í skólanum.

Verksvið stjórnar foreldrafélagsins:

Formaður:

- Hefur umsjón með tengslum við skólastjórnendur.
- Hefur umsjón með tengslum við fulltrúa foreldra í skólaráði eða felur það í hendur stjórnarmanni.
- Hefur umsjón með tengslum við bekkjarfulltrúa og ber ábyrgð á skipulagningu og boðun fulltrúaráðsfunda.
- Hefur umsjón með tengslum við nemendaráð.
- Hefur umsjón með tengslum við aðila utan skólans.
- Er fulltrúi foreldrafélagsins í svæðisráði foreldra eða felur það öðrum stjórnarmanni.
- Boðar stjórnarfundum með dagskrá og stýrir þeim.
- Hefur yfirsýn yfir starfsemi félagsins og heldur utan um gögn sem fylgja starfinu.
- Sér til þess að starfsáætlun sé fylgt eftir.
- Vinnur að ársskýrslu ásamt ritara og gerir grein fyrir henni á aðalfundi foreldrafélagsins.
- Vinnur að öðrum aðkallandi verkefnum.

Varaformaður:

- Er staðgengill formanns.
- Hefur yfirumsjón með tengslum við nefndir sem starfa á vegum foreldrafélagsins.
- Sér um tengsl við forstöðumann félagsmiðstöðvar og tímstundastarfs.
- Hefur yfirumsjón með foreldrarölti.
- Vinnur að aðkallandi verkefnum.

Ritari

- Ritari fundargerðir á fundum félagsins, sendir til stjórnar skólastjóra og skólaráðs og setur samþykktar fundargerðir á vef foreldrafélagsins.
- Ritari fundargerðir á fulltrúaráðsfundum, sendir til bekkjarfulltrúa, skólaráðs og skólastjóra og setur á vef.
- Ber ábyrgð á vef foreldrafélagsins sem er vistaður á heimasíðu skólans.
- Á sæti í vefráði skólans (vefráð er ritstjórn fyrir vef skólans).
- Á sæti í ritnefnd sameiginlegs fréttabréfs skólans og foreldrafélagsins.
- Miðlar upplýsingum til foreldra, nemenda, kennara og samfélagsins í samstarfi við stjórn. Skrifar fréttir og tilkynningar inn á vef félagsins, í fréttabréf skólans og bæjarins.
- Uppfærir handbók. Tilkynnir breytingar á stjórn til skólans, svæðisráðs, skólaskrifstofu og Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra.
- Vinnur að ársskýrslu ásamt formanni.

Gjaldkeri:

- Sér um fjárreiður félagsins.
- Heldur utan um innheimtu félagsgjalda.
- Á sæti í einni eða fleiri nefndum sem starfa á vegum foreldrafélagsins og sér um að koma upplýsingum um starfsemi nefnda til stjórnar.
- Vinnur að aðkallandi verkefnum.

Meðstjórnandi:

- Á sæti í einni eða fleiri nefndum sem starfa á vegum foreldrafélagsins og sér um að koma upplýsingum um starfsemi nefnda til stjórnar.
- Er tengiliður stjórnar við deildarstjóra á efsta stigi – kemur meðal annars að skipulagi skólaferðalaga og útskrift nemenda í 10. bekk.
- Er tengiliður foreldrafélags vegna samstarfs við nemendaráð og við félagsmálakennara (handleiðara skólans fyrir nemendaráð) og fulltrúa nemenda í skólaráði.
- Vinnur að aðkallandi verkefnum, t.d. skólaakstri þar sem það á við.

Meðstjórnandi:

- Á sæti í einni eða fleiri nefndum sem starfa á vegum foreldrafélagsins og sér um að koma upplýsingum um starfsemi nefnda til stjórnar.
- Er tengiliður stjórnar við deildarstjóra á miðstigi - kemur meðal annars að skipulagi kynningarfundar fyrir nýja nemendur og foreldra þeirra.
- Vinnur að aðkallandi verkefnum, t.d. forvarnavinnu innan skólans (gæti verið fulltrúi foreldrafélagsins í heilsuverkefnum, tóbaksvörnum, kynfræðslu og vímuefnavörnum).

Meðstjórnandi:

- Á sæti í einni eða fleiri nefndum sem starfa á vegum foreldrafélagsins og sér um að koma upplýsingum um starfsemi nefnda til stjórnar.
- Er tengiliður stjórnar við deildarstjóra á yngsta stigi – kemur meðal annars að skipulagi skólaferðinámsskeiðs og kynningarfundum fyrir foreldra nemenda í 1. Bekk.
- Vinnur að aðkallandi verkefnum t.d. vegna lengdrar viðveru nemenda í skólanum (skólagæslu) eða varðandi tilboð fyrir nemendur að loknu hefðbundnu skólasterfi.

3.5 Markmið stjórnar skólaárið 2009-2010

- Að kosnir séu a.m.k. tveir og helst þrír bekkjarfulltrúar í öllum bekkjum sem haldi utan um foreldrastarfið innan bekkjanna.
- Að leggja Foreldrasáttmálann* fyrir í öllum bekkjum.
- Að koma að skipulagi og framkvæmd skólaferðinámsskeiðs fyrir forráðamenn 6 ára barna. Hugmyndir um uppbyggingu og skipulagningu skólaferðinámsskeiðs má finna á www.heimiliogskoli.is.
- Að skrifa um starf foreldrafélagsins í sameiginlegt fréttabréf foreldrafélagsins og skólans sem koma á út a.m.k. fjórum sinnum á ári.
- Að uppfæra handbók félagsins og tilkynna breytingar á stjórn.
- Að allir félagsmenn hafi gott aðgengi að félaginu og starfsemi þess í gegnum heimasíðu skólans og birta þar reglulega fréttir frá félaginu sem og fundargerðir.
- Að bjóða foreldra nýrra nemenda velkomna til starfa í félaginu í samstarfi við skólastjórnendur og huga sérstaklega að foreldrum nýrra Íslendinga.

- Að halda jólaföndur í nóvember og vorhátíð í maí.
- Foreldrafélagið hefur sett sér eftirfarandi markmið fyrir bekkjarfulltrúa:
 - Að bekkjarfulltrúar innan árgangs starfi saman.
 - Að bekkjarfulltrúar skipuleggi dagskrá vetrarins í samráði við umsjónarkennara og kynni dagskrána fyrir foreldrum á námsefniskynningu að hausti.
 - Að bekkjarfulltrúar bjóði nýja foreldra í bekknum sérstaklega velkomna.
 - Að bekkjarfulltrúar noti Foreldrabankann** til að safna saman upplýsingum um bekkjarstarfið, s.s. foreldrasáttmála, aðstandendalista, bekkjarmyndir, myndir af bekkjarkvöldum, töskupóst v/bekkjarskemmtana, fundargerðir frá skólaráði/foreldrafundum. Foreldrabankinn sé aðgengilegur á samkomum bekkjarins og eftir að nemendur hafa lokið námi verði mappan í vörslu bókasafns skólans. Bekkjarfulltrúar gæti að því að Foreldrabankinn tapist ekki á milli skólaára og skili honum á bókasafn skólans er bekkurinn útskrifast frá skólanum.

* Foreldrasáttmálinn fæst hjá Heimili og skóla

** Foreldrabankinn er handbók fyrir bekkjarfulltrúa og fæst hjá Heimili og skóla

3.6 Skilgreining á starfi og verkviði bekkjarfulltrúa

Hlutverk bekkjarfulltrúa er að stuðla að auknu samstarfi foreldra, kennara og nemenda innan hvers bekkjar. Bekkjarfulltrúar eru kosnir af foreldrum eða tilnefndir í samráði við fyrri bekkjarfulltrúa. Í 5. gr. laga félagsins er gert ráð fyrir að bekkjarfulltrúar séu kosnir til tveggja ára í senn, kosnir séu tveir til þrjár úr hverri bekkjardeild og ekki sé skipt um alla í einu. Stjórn félagsins setur bekkjarfulltrúum starfsreglur (sjá í viðauka) og kynnir þeim verklag og hefðir í foreldrastarfi viðkomandi skóla.

Reynsla margra skóla hefur sýnt að bestur árangur í foreldrastarfi næst með virku starfi bekkjarfulltrúa/bekkjarráða innan hvers bekkjar. Þess vegna leggur foreldrafélagið mikla áherslu á að bekkjarráð sé myndað í hverjum bekk og að helst þrjár foreldrar beri ábyrgð á bekkjarstarfinu. Bekkjarfulltrúar geta skipt með sér verkum.

Stjórn foreldrafélagsins kallar bekkjarfulltrúa til fundar þrisvar á skólaári. Bekkjarráðin geta einnig haft með sér samráð og deilt hugmyndum. Foreldrafélagið telur æskilegt að samráð sé milli bekkjarráða í sama árgangi þannig að um keimlíka dagskrá sé að ræða í árgöngum.

Stefnt er að því að leggja Foreldrasáttmálann fyrir foreldra í öllum árgöngum og er ætlunin að hann fylgi börnunum frá ári til árs og taki nauðsynlegum breytingum í takt við aldur barnanna. Bekkjarfulltrúar í samstarfi við umsjónarkennara sjá um fyrirlögn foreldrasáttmála á námsefniskynningarfundum að hausti. Bekkjarfulltrúar geta nálgast foreldrasáttmálann og leiðbeiningar um fyrirlögn hjá stjórn foreldrafélagsins og gögn sem honum fylgja hjá Heimili og skóla.

Í sumum skólum greiða foreldrar í bekkjarsjóð að hausti til að standa straum af kostnaði við bekkjarskemmtanir vetrarins. Er þá einn bekkjarfulltrúi í hlutverki gjaldkera og sér um að innheimta bekkjarsjóðsgjaldið. Upphæðin miðast við hvað á að gera um veturinn og áætlaðan kostnað vegna þess.

3.7 Nefndir á vegum foreldrafélags

Samkvæmt 7. grein laga félagsins getur stjórnin skipað nefndir um afmörkuð verkefni. Stjórnin ber ábyrgð á störfum nefnda og setur þeim erindisbréf*.

Strax að hausti skal stjórn ákveða og kynna hvaða nefndir verða starfræktar en það getur verið misjafnt milli ára. Auglýsa skal eftir fólki í nefndir á heimasíðu og í fréttabréfi sem og á námsefniskynningarfundum.

Í vetur munu eftirfarandi nefndir verða starfræktar á vegum foreldrafélagsins:

- Forvarnanefnd
- Jólaföndursnefnd
- 10. bekkjarnefnd
- Tækjakaupanefnd
- Vorhátíðarnefnd
- Kynningarnefnd

* Sjá dæmi um erindisbréf fyrir nefndir í viðauka.

3.8 Fjármál Foreldrafélagsins

Samkvæmt 10 gr. laga félagsins þá er heimilt að óska eftir árlegum framlögum til félagsins. Upphæð félagsgjalda er ákveðin á aðalfundi. Gjaldkeri sér um að innheimta félagsgjöld.

Ársreikningar félagsins eru lagðir fram á aðalfundi á hverju vori. Þeir skulu einnig vistaðir á heimasíðu foreldrafélagsins.

3.9 Samráðsfundir innan skólans

Fastir fundir **stjórnar foreldrafélagsins** eru annan miðvikudag í hverjum mánuði skólaársins.

Foreldrafélagið heldur samráðsfundi með **bekkjarfulltrúum** a.m.k. þrisvar á hverju skólaári. Sá fyrsti er haldinn í byrjun september. Stjórnin boðar til þessara funda með tölvupósti á uppgefin netföng og bréflega á þá sem ekki hafa netföng. Fulltrúi skólastjóra skal boðaður á fulltrúaráðsfundi og kemur hann upplýsingum af fundinum til skólastjóra. Einnig skal boða fulltrúa í skólaráði. Bekkjarfulltrúar, skólaráð, fulltrúi skólastjóra og skólastjóri fá senda fundargerð.

Foreldrafélagið heldur fund með **skólastjórnendum** a.m.k. þrisvar á hverju skólaári. Fundartími er ákveðinn í samráði við skólastjóra strax að hausti. Einnig heldur félagið samráðsfundi með **umsjónarmanni félagsstarfs** skólans tvisvar á hverju skólaári, á haustönn og vorönn. Fundartími er ákveðinn í samráði við viðkomandi.

Félagið heldur samráðsfund með **skólastjórnendum, skólaráði og nemendaráði** einn á haustönn og einn á vorönn. Fundartími er ákveðinn í samráði við viðkomandi aðila.

Félagið fundar a.m.k. einu sinni á ári með **forvarnafulltrúa og forvarnanefnd sveitarfélagsins og stundum með lögreglu** (t.d. í tengslum við bæjarhátíðir og ýmsa viðburði).

Foreldrafélagið fundar a.m.k. einu sinni á ári með **námsráðgjafa**.

4 Fræðsla og kynningar

Foreldrafélagið styður starfsemi Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra og er aðili að samtökunum. Á skrifstofu Heimilis og skóla er að finna ýmis gögn, lög og skýrslur um menntamál, stjórn og starfsemi skólaráða og foreldrafélaga, Foreldrabankann, Foreldrasáttmálann, auk bæklinga og annarra gagna á íslensku svo og ýmis norræn tímarit, bækur og myndbönd þar sem fá má margvíslegar hugmyndir til notkunar í foreldrastarfi. Einnig fást þar bæklingar fyrir foreldra um mál er tengjast uppeldi og námi, s.s. lestur og heimanám. Á heimasíðu samtakanna www.heimilioogskoli.is má einnig nálgast ýmis gögn og þar eru einnig birtar reglulega fréttir og greinar um skóla- og uppeldismál. Hægt er að leita til samtakanna um nánari leiðbeiningar um samstarf heimila og skóla og rekstur foreldrafélaga. Einnig er hægt að fá námskeið og fyrirlestra hjá landssamtökunum.

4.1 Kynning fyrir stjórnarfólk

Nýtt stjórnarfólk fær kynningu á starfi félagsins og handbókinni á stjórnarskiptafundi. Fráfarandi formaður sér um þá kynningu.

Stjórnarfólk er hvatt til að sækja ráðstefnur og fundi um skólamál sem og að afla sér upplýsinga hjá fyrrum stjórnarfólki, svæðasamtökum og Heimili og skóla.

4.2 Kynning fyrir bekkjarfulltrúa

Bekkarfulltrúar fá kynningu á hlutverki sínu á fyrsta fulltrúaráðsfundi vetrarins*. Þeir fá einnig afhent gögn og upplýsingar sem auðvelda þeim að skipuleggja starfið innan bekkjana. Ef fulltrúa vantar frá einhverjum bekkjum á fulltrúaráðsfundum skal senda þeim þau gögn sem dreift er á fundinum með töskupósti og kynna þeim það með tölvupósti. Fundargerðir fulltrúaráðsfunda eru sendir öllum bekkjarfulltrúum og settar á heimasíðu félagsins.

Bekkarfulltrúum er kynnt hvernig best er að koma upplýsingum á framfæri við foreldra, hvernig þeir bera sig að við að koma töskupósti til skila, senda tölvupóst á alla foreldra eða fá tilkynningu birta á síðu bekkjarins í Mentor-tölvukerfinu. Nauðsynlegt er fyrir bekkjarfulltrúa að hafa aðstandendalista bekkjarins. Hann er hægt að fá ýmist hjá umsjónarkennara eða skólaritara.

Foreldrafélagið stefnir að því í samvinnu við svæðisráð og fræðsluvið sveitarfélagsins að halda námskeið fyrir bekkjarfulltrúa allra grunnskólanna í sveitarfélaginu.

*Sjá starfsreglur fyrir bekkjarfulltrúa í viðauka

4.3 Kynning fyrir foreldra

Á námsefniskynningarfundum eða öðrum vettvangi foreldra í upphafi skólaársins fá bekkjarfulltrúar tíma til þess að ræða við foreldra. Bekkarfulltrúar skipuleggja fundinn í samvinnu við umsjónarkennara. Best er ef samvinna er á milli allra bekkja í sama árgangi þannig að svipuð dagskrá sé í árgangnum. Á fundinum er lögð fram drög að dagskrá bekkjarins yfir veturinn (sjá viðauka). Þar kemur fram hvað á að gera í bekknum og í hvaða mánuði og einnig eru settar inn á skipulagið þær upptökur sem foreldrafélagið stendur fyrir, t.d. jólaföndur og vorhátíð. Miða skal við að haldnar séu a.m.k. þrjár bekkjarskemmtanir á vetri. Þegar skipulagið hefur verið samþykkt þá eru þrjár til fimm foreldrar fengnar til þess að halda utan um hvern atburð. Þannig er reynt að virkja sem flesta foreldra.

Umsjónarmenn atburða ákveða endanlega dagsetningu í tíma og auglýsa hana í samvinnu við bekkjarfulltrúa með töskupósti, tölvupósti og/eða með tilkynningu í Mentor. Ef þörf krefur

þá minna bekkjarfulltrúar foreldra á að skipuleggja og ákveða dagsetningu á bekkjarskemmtunum.

Á fundinum er einnig umræða um viðmið og reglur sem foreldrar vilja að séu í hávegum höfð og fer sú umræða fram með innleiðingu foreldrasáttmála Heimilis og skóla. Umsjónarkennari er bekkjarfulltrúum innan handar í þessari umræðu. Einnig er rætt um vinnuhópa, aðkomu foreldra að skólafarfinu, t.d. starfskynningar, umsjón með námshópum, þátttöku í vettvangsferðum, eða annað sem foreldrar vilja leggja af mörkum til skólafarfsins.

Í þeim árgöngum sem við á fer einnig fram skráning í foreldrarölt vetrarins (bekkjarfulltrúar taka niður GSM númer svo hægt sé að senda áminningu til foreldra með SMS) en fyrir fundinn fá bekkjarfulltrúar upplýsingar frá stjórn hvaða kvöld viðkomandi bekkur á að vera í foreldrarölti.

4.4 Fræðsla og forvarnir

Haldnir eru einn til tveir fyrirlestrar á hverju skólaári. Svæðisráð foreldra sér um framkvæmdina í samvinnu við foreldrafélög allra grunnskólanna. Bekkjarfulltrúar og stjórnarfolk er hvatt til að sækja fyrirlestrana ásamt því sem tilkynningar um fyrirlestrana eru sendar til foreldra allra nemenda skólans. Fræðslufundirnir eru opnir öllum bæjarbúum og eru þeir auglýstir t.d. í grunnskólum, leikskólum, bæjarblóðum, framhaldsskólum, íþróttahúsum og í verslunum í bænum. Höfð er samvinna við félagsmiðstöðina, íþróttafélögin og forvarnafulltrúa bæjarins um fræðslufyrirlestra fyrir foreldra.

Á heimasíðu Heimilis og skóla er listi yfir áhugaverða fyrirlesara og fyrirlestra sem taka á ýmsum málum er varða uppeldis-, velferðar- og skólamál.

Helstu verkefni foreldrafélagsins á sviði forvarna er að byggja upp gott tengslanet foreldra, að hafa yfirumsjón með foreldrarölti, þátttaka í fyrirlestrum og ráðstefnum ásamt fyrirlögn foreldrasáttmálans. Foreldrafélagið kemur að gerð forvarnaáætlunar skólans sem birt er á vef skólans og foreldrafélög hafa einnig verið þátttakendur í forvarnaverkefnum gegn einelti sem skólinn stýrir. Markmið verkefnisins er m.a. að vinna gegn einelti innan og utan skólans og efla vitund nemenda og skilning á einelti. Foreldrafélagið fundar að minnsta kosti einu sinni á vetri með forvarnafulltrúa og forvarnanefnd bæjarins.

5 Félagsstarf

Foreldrafélagið styður með beinum eða óbeinum hætti félagsstarf innan skólans sé þess óskað. Foreldrafélög hafa staðið fyrir því að kaupa eina til tvær leiksýningar á vetri inn í skóla fyrir nemendur og eru þær valdar í samvinnu við skólafarstjóra. Foreldrar í einstökum bekkjardeildum hafa tekið að sér að skipuleggja félagsstarf og skólaferðir meðal annars fyrir 7. bekk í skólabúðir.

6 Foreldrasáttmálinn – samkomulag foreldra innan bekkjar

Foreldrasáttmálinn, sem áður hét foreldrasamningur, var upphaflega hugsaður til forvarnar þar sem foreldrar leggja áherslu á að unglingar þeirra öðlist heilbrigð viðhorf til áfengis. Með því að leggja foreldrasáttmálann fyrir foreldra skapast vettvangur til að ræða uppeldisleg gildi og sameinast um ákveðið gildismat. Reynslan hefur sýnt að foreldrar yngri barna eru ekki síður áhugasamir um að gera með sér slíkt samkomulag þar sem tilgangurinn er að samræma reglur og viðmið innan bekkjarins. Á yngsta stigi eru reglurnar almennt mjög fáar og einfaldar en verða fleiri er börnin eldast og líf þeirra verður flóknara.

Á samráðsfundi stjórnar foreldrafélagsins og bekkjarfulltrúa var ákveðið að bekkjarfulltrúar skyldu leggja fyrir foreldrasáttmálann í bekkjum sínum á námsefnisfundum hvers vetrar.

Stjórn foreldrafélagsins aðstoðar bekkjarfulltrúa við framkvæmdina ef þörf er á. Bekkjarfulltrúar geta nálgast foreldrasáttmálann hjá formanni eða varaformanni foreldrafélagsins og þau gögn sem þeim fylgja, m.a. leiðbeiningar um fyrirlögn.

Sjá nánar um foreldrasáttmálann í viðauka.

7 Kynningarmál

7.1 Fréttabréf

Í sumum skólum gefa foreldrafélagið og skólinn út sameiginlegt fréttabréf að minnsta kosti fjórum sinnum á vetri. Ritari félagsins situr í ritnefnd fréttabréfsins sem fulltrúi foreldra og gætir hagsmuna foreldra þar um nauðsyn þess að fréttir til og frá foreldrafélaginu birtist þar reglulega. Einnig er mikilvægt að starfsemi skólaráða sé foreldrum sýnileg í slíku fréttabréfi. Foreldrafélög geta einnig gefið út sjálfstætt fréttabréf í samvinnu við skólastjóra.

7.2 Fundargerðir

Ritari ritar fundargerðir sem hann sendir fundarmönnum á tölvutæku formi fljótlega eftir fund. Fundargerðin er send til skólastjóra og skólaráðs og sett inn á heimasíðu foreldrafélagsins ef engar athugasemdir berast innan fimm daga frá því að hún er send út.

7.3 Heimasíða

Vefur foreldrafélagsins er vistaður á heimasíðu skólans. Ritari sér um vefinn. Á vefnum birtast fréttir og tilkynningar frá foreldrafélaginu. Heimasíðan geymir einnig upplýsingar um stjórn foreldrafélagsins, nefndir, bekkjarfulltrúa, vindahópa, hugmyndabanka um bekkjarferðir/-kvöld, sýnishorn af foreldrasáttmálanum, upplýsingar um svæðisráð foreldra, lög félagsins og starfsáætlun. Að loknum aðalfundi skal setja á vefinn nýjustu upplýsingar um stjórn foreldrafélagsins og eins skal setja inn upplýsingar um bekkjarfulltrúa hvers skólaárs þegar þeir hafa verið skipaðir. Einnig er æskilegt að foreldrar geti skráð sig á póstlista og fengið þannig upplýsingar um nýtt efni hverju sinni.

7.4 Starfsáætlun

Á stjórnarskiptafundi í júní eru lögð fram drög að starfsáætlun næsta vetrar og skal áætlunin endanlega samþykkt á ágústfundi. Í starfsáætlun koma fram fundir á skólaárinu sem og tímasetningar á helstu viðburðum foreldrafélagsins. Er hún kynnt á fulltrúaráðsfundi í september og birt á heimasíðu foreldrafélagsins.

Starfsáætlun Foreldrafélagsins

Júní

- *Stjórnarskiptafundur* - Fyrsti fundur nýkjörinnar stjórnar ásamt fráfarandi stjórnarmönnum. Á fundinum er starfsemi félagsins kynnt fyrir nýjum stjórnarmönnum og afhent gögn um skipulagið. Stjórnin skiptir með sér verkum. Drög að starfsáætlun næsta vetrar eru lögð fram og skal áætlunin birt á vef skólans í ágústlok. Tilkynningu um breytingu á stjórn komið til skólastjóra, grunnskólafulltrúa, svæðisráðs og Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra.

Ágúst

- *Stjórnarfundur* – fyrsti fulltrúaráðsfundur undirbúinn, skal hann haldinn áður en námsefniskynningar eru haldnar. Formaður sér um að boða til fundarins með dagskrá.
- **18. ág.** *Fundur með foreldrum 1. bekkja*, Skólastjóri boðar alla foreldra 1. bekkinga á fund þar sem skólinn er kynntur. Á þessum fundi fer fram kynning á starfsemi foreldrafélagsins og kosning bekkjarfulltrúa.
- **21. ág.** *Sunnudagsfundur með nýjum nemendum í 2. – 10. bekk og foreldrum þeirra.*

September

- **7. sept.** *Fulltrúaráðsfundur* – Á fyrsta fulltrúaráðsfundi eru bekkjarfulltrúar fræddir um hlutverk sitt og fá afhentar starfsreglur fyrir bekkjarfulltrúa sem og hugmyndir varðandi bekkjarskemmtanir og skipulag starfsins í bekknum og upplýsingar um skipulagningu vinahópa. Einnig fá þeir fræðslu um hlutverk sitt á námsefniskynningarfundi eða haustfundum með foreldrum.
- Bekkjarfulltrúar í 1. bekk fá Foreldrabankann afhentan sem og kynningu á notkun hans.
- **10. sept.** Tengslanet yfir stjórn og bekkjarfulltrúa yfirfarið með skólaritara – og skráðar upplýsingar um nýja foreldra
- **13. sept.** Stjórnafundur – Skólastjóra boðið á fundinn, vetrarstarfið rætt. Umsjónarmaður félagsstarfs mætir á fundinn og kynnir starfsemina á haustönn.
- **20.-23. sept.** *Námsefniskynningar* – fulltrúi foreldrafélags kynnir starfsemi foreldrafélags á sal. Bekkjarfulltrúar kynna drög að vetrardagskrá hvers bekkjar og stýra umræðum um Foreldrasáttmála
- *Nefndir* – auglýst er eftir fólki í nefndir á vef skólans, í tölvupósti og fréttabréfi.
- **27.-28. sept.** *Skólafærninámskeið*. Fulltrúar foreldrafélagsins koma að námskeiðinu í samvinnu við skólastjórnendur og kennara.

Október

- **11. okt.** *Stjórnarfundur* – fundað með fulltrúum nefnda sem starfa á vegum foreldrafélagsins þeim kynnt starfssvið nefnda og erindisbréf.
- *Samráðsfundur* með skólastjórnendum, skólaráði og nemendaráði (fritímaþjónustu/félagsmiðstöð).
- Fundur með forvarnanefnd og námsráðgjafa.

Nóvember

- **8. nóv.** *Stjórnarfundur*. Fulltrúaráðsfundur undirbúinn.
- **16. nóv.** *Fulltrúaráðsfundur* – farið yfir bekkjarstarfið, undirbúningur fyrir jólaföndur.
- **26. nóv.** *Jólaföndur*.

Desember

- **13. des.** *Stjórnarfundur*.

Janúar

- **10. jan.** *Stjórnarfundur*. Skólastjóra boðið á fundinn og skólastarf á vorönn rætt. Umsjónarmaður félagsstarfs mætir á fundinn og kynnir starfsemina á vorönn.
- **31. jan.** *Fræðslufundur* í samvinnu við svæðisráð foreldra.

Febrúar

- **14. feb.** *Stjórnarfundur*.
- **18. feb.** *Samráðsfundur* með skólastjórnendum, kennararáði og nemendaráði.

Mars

- **14. mars.** *Stjórnarfundur*.
- *Leikhúsférfé*.

Apríl

- **11. apr.** *Stjórnarfundur* – Fulltrúaráðsfundur undirbúinn. Farið yfir breytingar sem verða á stjórn. Í kjölfarið er auglýst eftir fólki í stjórn á vef skólans, í tölvupósti og í fréttablaði. (Ef enginn býður sig fram skal leita beint til aðila sem taldir eru áhugasamir og virkir. Tryggt skal að á aðalfundi verði búið að finna fólk sem er tilbúið til að gefa kost á sér og það kynnt fyrir foreldrum í fundarboði).

- **27. apr.** *Fulltrúaráðsfundur* – farið yfir starf vetrarins, hugmyndum safnað saman – hvernig hefur gengið, hvað má betur fara? Undirbúningur fyrir vorhátíð og farið yfir hlutverk bekkjarfulltrúa á vorhátíð.
Bekkjjarfulltrúar skila af sér upplýsingum um breytingar á bekkjarfulltrúum.
Unnið að tilnefningum í skólaráð fyrir næsta haust

Maí

- **9. maí.** *Stjórnarfundur.* Aðalfundur undirbúinn.
- **23. maí.** *Aðalfundur* - Skýrsla stjórnar, nefnda og fulltrúa foreldra í skólaráði. Kosning í stjórnir.

7.5 Tengsl við fjölmiðla

Stjórn foreldrafélagsins beitir sér fyrir jákvæðri umfjöllun um skólastarfið í fjölmiðlum. Ritari sér um að koma upplýsingum um skólastarfið til bæjarblaðsins sem og til þess aðila sem sér um heimasíðu bæjarfélagsins. Ef tilefni þykir til er fréttum af starfsemi skólans komið á framfæri við aðra fjölmiðla. Gott er fyrir foreldra að geta séð á einum stað það sem er á döfinni. Sum sveitarfélög hafa viðburðardagatal á heimasíðu sinni. Mikilvægt er að foreldrafélagið sé sýnilegt og virkt í upplýsingagjöf á heimasíðu skólans og hafi jafnvel tengil á heimasíðu fréttamiðils.

Íslenskar rannsóknir hafa sýnt:

- að eftirlit foreldra, stuðningur þeirra, magn tíma sem varið er með foreldrum og tengsl foreldra við aðra foreldra og vini barna þeirra dregur úr líkum á vímuefnaneyslu og eykur líkur á góðum námsárangri.
- Einnig hefur þar komið fram að í skólum þar sem foreldrar starfa saman og þekkja aðra foreldra og vini barna sinna eru minni líkur á því að hver einstakur nemandi neyti áfengis og meiri líkur á því að hann fái góðar einkunnir, óháð því hvort foreldrar hans tilheyri þessu tengslaneti foreldra eða ekki.
- Þá segja rannsóknir okkur að þátttaka unglinga í skipulögðu tólmundastarfi og íþróttum sé mikilvæg forvörn gegn vímuefnaneyslu.
- Virkir foreldrar eru því mikilvæg forvörn og gera skólann og bæjarfélagið að betri stað fyrir börn að alast upp í.

Rannsókn og greining, 2009

Gátlisti fyrir fulltrúa foreldra í skólaráðum:

- Skoða fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og bera saman framlög til skólamála miðað við aðra málaflokka og miðað við framlög annarra sveitarfélaga að svipaðri stærð. Bera einnig saman framlög til skóla innan sveitarfélagsins.
- Lesa grunnskólalög, reglugerðir og reglur um skólahald frá menntamálaráðuneytinu og bera saman **skólanámskrá og starfsáætlun skólans** við áætlanir sveitarfélags og skólastefnu.
- Lesa skólanámskrá og bera saman við aðalnámskrá og grunnskólalög. Skila umsögn foreldrafélagsins um skólanámskrá til skólastjóra og skólanefndar.
- Fara yfir skóladagatal, aðgæta hvort það samræmist lögum (í sumum sveitarfélögum er skóladagatalið samræmt milli allra leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu). Senda umsögn um skóladagatal til skólastjóra og skólanefndar.
- Fara yfir stundaskrár (tímamagn sbr. Aðalnámskrá/viðmiðunarstundskrá) og aðrar áætlanir skólans.
- Skoða niðurstöður kannana og fá skýringar hjá skólastjóra.
- Skoða skólahúsnæði, tækjakost skólans, bókasafn og annan búnað sem og almennan aðbúnað nemenda.
- Skoða mötuneyti og matseðla, fá upplýsingar um hve margir kaupa mat og hvetja til þess að viðhorf nemenda og foreldra til matarmála séu könnuð reglulega.
- Skoða húsnæði og dagskrá heilsdagsskólans, fá upplýsingar um starfmannahald heilsdagsskólans sem og markmið og nýtingu. Einnig mikilvægt að fá fram viðhorf og ánægju foreldra með þjónustuna.
- Skoða skólalóð og aðkomuleiðir að skólanum. Huga að eftirliti með leiksvæðum á skólalóð.
- Skoða íþróttaaðstöðu. Kanna hvernig gæslu í búningsklefum og sturtum er háttað í leikfimi og sundi.
- Spyrja út í starfsmannastefnu, starfsmannahald og endurmenntunaráætlun skólans.
- Spyrja út í eineltisstefnu, áfallaáætlun og forvarnir.
- Fara yfir stöðu valgreina í unglिंगadeild og framboð á félagsstarfi á vegum skólans fyrir alla nemendur.
- Fá upplýsingar um sjálfsmatsáætlun skólans, fylgjast með framgangi hennar sem og niðurstöðum kannanna sem gerðar eru í tengslum við sjálfsmat/gæðamat.
- Kynna sér stefnu skólans um samstarf heimila og skóla sem og upplýsingagjöf til foreldra – Kynna skólaráðið bæði fyrir foreldrum og út á við.
- Heimsækja skólann á skólatíma.
- Tala við og hlusta eftir röddum foreldra og nemenda, kennara og annarra starfsmanna.
- Kynna sér skólaakstur t.d. með því að fara í ferð með skólabílnum. Skoða ferðir til og frá sundi, athuga hver fylgir börnunum og annast þau í slíkum ferðum.
- Athuga aðkomu foreldra að setningu bekkjarreglna og skólareglna.
- Koma með tillögur til úrbóta um það sem betur má fara ef þörf krefur.

8 Svæðisráð foreldrafélaga

Svæðisráð er samstarfsvettvangur foreldrafélaga og málsvari foreldra grunnskólanemenda í sveitarfélagi eða á ákveðnu svæði. Í svæðisráði foreldra sitja formenn foreldrafélaga í grunnskólum og a.m.k. annar fulltrúi foreldra í skólaráði viðkomandi grunnskóla. Svæðisráðið vinnur að sameiginlegum málefnum skólanna og gefur umsagnir um ýmis mál er varða skóla- og fjölskyldumál. Samstarfið gerir foreldrafulltrúum kleift að vera í nánú sambandi og fylgjast með því helsta sem fer fram í grunnskólunum og vera yfirvöldum á staðnum til aðstoðar og ráðuneytis um skólamál. Svæðisráð skiptir með sér verkum og setur sér starfsreglur.

8.1 Starfsreglur fyrir svæðisráð

1. Svæðisráð foreldrafélaga er samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í grunnskólum bæjarins/sveitarfélagsins.
2. Svæðisráð er annað hvort skipað tveimur fulltrúum frá hverjum grunnskóla í bænum þar sem annar fulltrúinn er frá stjórn foreldrafélgsins og hinn er foreldri úr skólaráði eða kosin er sérstök fimm manna stjórn sem hefur fulltrúaráð á bak við sig úr öllum foreldrafélögum svæðisins. (Er síðarnefnda leiðin hentugri í stærri sveitarfélögum þar sem eru margir skólar, t.d. hafa Samfok og Samkóp þann háttinn á).
3. Svæðisráð fundar saman tvisvar á misseri eða einu sinni í mánuði yfir skólaárið. Oftar ef þurfa þykir. Fundarstaður og fastir fundartímar skulu ákveðnir á fyrsta fundi vetrarins.
4. Svæðisráð velur úr sínum hópi formann ráðsins til tveggja ára í senn. Formaður sér um að boða til funda með dagskrá. Hann heldur einnig til haga gögnum ráðsins og kemur þeim til arftaka síns. Formaður er varamaður fyrir áheyrnarfulltrúa foreldra í fræðslu-/skólanefnd.
5. Svæðisráð tilnefnir talsmann sinn og þann sem situr fyrir hönd foreldra í skólanefnd. Sá aðili er einnig varaformaður ráðsins. Önnur leið er að foreldrafélög skólanna skipta með sér að skipa áheyrnarfulltrúa foreldra í fræðslu-/skólanefnd til tveggja ára í senn. Áheyrnarfulltrúi situr fundi fræðslu-/skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt og talar þar máli foreldra. Hann fylgir einnig eftir erindum frá svæðisráðinu (foreldrafélögum grunnskólanna) og miðlar upplýsingum til fulltrúa í svæðisráði um þau mál sem tekin eru fyrir í fræðslu-/skólanefnd á fundum ráðsins og/eða með tölvupósti.
6. Svæðisráð velur úr sínum hópi ritara sem ritar fundargerðir á fundum. Hann sendir fundarmönnum fundargerðir sem og grunnskólafulltrúa og formanni fræðslu-/skólanefndar og sér til þess að þær birtist á heimasíðu bæjarins. Síða ráðsins er vistuð á heimasíðu bæjarins undir kafla um skólamál.
7. Svæðisráð í samvinnu við foreldrafélög grunnskólanna stendur fyrir fræðslufundum um skóla- og uppeldismál einu sinni til tvisvar að vetri sem opnir eru öllum í bæjarfélaginu.
8. Svæðisráð getur veitt foreldraviðurkenningu í bæjarfélaginu til aðila sem hafa stuðlað að auknum forvörnum eða unnið gott starf í þágu barna og heimila.

Svæðisráð er tengiliður við landssamtök foreldra og tilnefnir fulltrúa í fulltrúaráð Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra. Sjá t.d. www.samtaka.org eða www.ffgir.is.

9 Upplýsingar um símanúmer og netföng

Foreldrafélag			foreldrafelag@xxxxskoli.is
Jóna Jónsdóttir	Formaður	555 5555/ 836 9696	jona@island.is
Jón Jónsson	Varaformaður	555 5556/ 836 9697	jon@island.is
Guðmundur Hjörvar	Ritari	555 5599/888 9988	hJORvar@island.is
Stefán Jónsson	Gjaldkeri	555 7557/878 9999	stef@island.is
	Meðstjórnandi		
	Meðstjórnandi		
	Meðstjórnandi		

Fulltrúar foreldrafélagsins í skólaráði 2009-2010

Jónas Jónsson	Formaður	555 5557/838 9999	jonas@island.is
Jörundur Jónsson	Varaformaður	555 55857/831 9999	JORundur@island.is
Varafulltrúar:			
Ása Einarsdóttir			
Bjarni Karlsson			

Svæðisráð foreldrafélaga

svaedarad@xxxxbaer.is

Titill	Nafn	Símanúmer/netfang
Formaður/		
Varaform./fulltrúi í skólanefnd		
Ritari		
Gjaldkeri		
Meðstjórnandi		
Meðstjórnandi		
Meðstjórnandi		
Meðstjórnandi		
Meðstjórnandi		

Bekkjarfulltrúar 2009-2010

Bekkur	Bekkjarfulltrúi	Nafn barns	Símar	Netfang

Grunnskólar xxxbæjar

Rauðiskóli

raudiskoli.is

Titill	Nafn	Símanúmer/netfang
Skólastjóri		
Aðstoðarskólastjóri		
Formaður foreldrafélagsins		
Varaform. foreldrafélagsins		
Gjaldkeri foreldrafélagsins		
Formaður nemendaráðs		
Fulltrúi í skólaráði		
Fulltrúi í svæðisráði		
Umsjón með félagsstarfi		
Námsráðgjafi		
Stoðþjónusta		
Húsvörður		

Græniskóli

graeniskoli.is

Titill	Nafn	Símanúmer/netfang
Skólastjóri		
Aðstoðarskólastjóri		
Formaður foreldrafélagsins		
Varaform. foreldrafélagsins		
Gjaldkeri foreldrafélagsins		
Formaður nemendaráðs		
Fulltrúi í skólaráði		
Fulltrúi í svæðisráði		
Umsjón með félagsstarfi		
Námsráðgjafi		
Stoðþjónusta		
Húsvörður		

Ránarskóli

ranarskoli.is

Titill	Nafn	Símanúmer/netfang
Skólastjóri		
Aðstoðarskólastjóri		
Formaður foreldrafélagsins		
Varaform. foreldrafélagsins		
Gjaldkeri foreldrafélagsins		
Formaður nemendaráðs		
Fulltrúi í skólaráði		
Fulltrúi í svæðisráði		
Umsjón með félagsstarfi		
Námsráðgjafi		
Stoðþjónusta		
Húsvörður		

Félagsmiðstöð

felagsmidstod.is

Titill	Nafn	Símanúmer/netfang
Forstöðumaður		
Starfsmaður		
Starfsmaður		

Upplýsingar um stjórnsýslu skólamála í sveitarfélaginu

xxxxbaer.is

Titill	Nafn	Símanúmer/netfang
Forstöðumaður fræðslusviðs		
Grunnskólafulltrúi		
Upplýsingafulltrúi		
Formaður skólanefndar		
Varaformaður skólanefndar		
Formaður bæjarráðs		
Formaður Bæjarstjórnar		
Fulltrúi foreldra í skólanefnd		
Bæjarstjóri		

10 Viðaukar

Starfsreglur fyrir bekkjarfulltrúa

Í hverjum bekk eru kosnir tveir til þrjú bekkjarfulltrúar til tveggja ára. Í fyrsta bekk eru skipaðir einn til tveir fulltrúar til tveggja ára og einn fulltrúi til eins árs til að stuðla að því að það hætti ekki allir á sama tíma.

- **Hlutverk bekkjarfulltrúa er að efla og styrkja samstarf** foreldra/forráðamanna og nemenda auk þess að leitast við að treysta samband heimila og skóla innan hversrar bekkjardeildar.
- **Bekkarfulltrúar eru tengiliðir foreldra við umsjónarkennara** og koma sjónarmiðum foreldra á framfæri þegar þess er þörf. Í samvinnu við kennara skipuleggja þeir í upphafi skólaárs almennan fund með foreldrum (á eftir námsefnisfundi) þar sem bekkjarstarf vetrarins er skipulagt og foreldrasáttmáli Heimilis og skóla ræddur.
- **Bekkarfulltrúar fylgjast með því að foreldrastarfið sem ákveðið er í bekknum sé framkvæmt**, t.d. bekkjarkvöld, umræðufundir og heimsóknir. Æskilegt er að skipta foreldrum bekkjarins í tveggja til fimm manna hópa til að skipuleggja einstök verkefni vetrarins. Er þá eitt foreldri hópstjóri og tengiliður við bekkjarfulltrúa. Æskilegt er að eldri nemendur séu hafðir með í ráðum þegar bekkjarstarf vetrarins er skipulagt. Stefnt skal að því að halda a.m.k. þrjár uppákomur/skemmtanir á hverjum vetri.
- Bekkarfulltrúar ræða við umsjónarkennara um skólastarfið og gang mála í bekknum og **miðla upplýsingum til annarra foreldra** t.d. á fundum eða með dreifibréfum/tölvupósti í samvinnu við umsjónarkennara.
- **Bekkarfulltrúar eru tengiliðir bekkjarins við foreldrafélag (og fulltrúa foreldra í skólaráði)** og sitja í fulltrúaráði foreldrafélagsins sem fundar a.m.k. þrisvar á vetri.
- **Bekkarfulltrúar safna í bekkjarmöppu gögnum** um það sem gert hefur verið í foreldrastarfi í bekknum til dæmis myndum og öðru sem gaman er að eiga sem og ýmsum öðrum gögnum, t.d. frá skólanum, foreldrafélaginu og skólayfirvöldum. Þeir bera ábyrgð á að mappan fylgi bekknum og fari eftir útskrift nemenda á skólabókasafnið.
- Bekkarfulltrúar reyna að **hlusta eftir sjónarmiðum nemenda** varðandi andann í bekknum, bekkjarstarfið og störf foreldra í bekknum.
- **Bekkarfulltrúar aðstoða kennara við að skipuleggja þátttöku foreldra í skólastarfinu** eftir því sem við á, t.d. í tengslum við vettvangsferðir, starfskynningar og heimsóknir foreldra í bekkinn.
- Bekkarfulltrúar kjósa eftirmenn sína að vori og **tilkynna breytingu til stjórnar**. Þeir miðla upplýsingum til nýrra bekkjarfulltrúa og afhenda bekkjarmöppu.
- Bekkarfulltrúar aðstoða stjórn foreldrafélagsins við **framkvæmd einstakra stærri viðburða**, s.s. jólaföndur og vorhátíð.
- **Bekkarfulltrúar í 7. – 10. bekk bera ábyrgð á að manna foreldrarölt** þau kvöld sem bekknum er úthlutað. Æskilegt er að foreldrar skrái sig á röltvaktir vetrarins að hausti. Bekkarfulltrúar sjá til þess að minna fólk tímanlega á röltvaktir t.d. með SMS.
- Bekkarfulltrúar skulu gæta þess að hafa velferð nemenda, foreldra og kennara að leiðarljósi í bekkjarstarfinu og **virða trúnað um persónulega hagi** nemenda og foreldra.

Bekkjardagskrá veturinn 2009-2010

Hér er gefið dæmi um bekkjardagskrá. Inn á dagskrána eru settir atburðir sem bekkjarfulltrúar hafa umsjón með (skáletrað), atburðir á vegum foreldrafélagsins sem allir eru hvattir til að taka þátt í og síðan ferðir sem farnar eru á vegum skólans á skólatíma. Foreldrar eru hvattir til þátttöku í slíkum ferðum.

Bekkjarfulltrúar leggja fram til samþykktar þessa dagskrá á námsefniskynningarfundi. Þeir óska eftir foreldrum til að hafa umsjón með hverjum atburði og skrá nöfn þeirra, símanúmer og netföng niður. Hentugt er að tveir til fimm foreldrar hafi umsjón með hverjum atburði. Dagskránni með nöfnum foreldra er síðan dreift til allra foreldra nokkrum dögum eftir fundinn. Dagskráin er einnig sett inn á bekkjarsíðuna í Mentor.

Þeir sem umsjón hafa með atburði láta bekkjarfulltrúa vita í tíma hvaða dagsetning hefur orðið fyrir valinu fyrir skemmtunina. Bekkjarfulltrúar ýta við viðkomandi foreldrum um að ákveða dagsetningu ef þörf krefur. Bekkjarfulltrúar og umsjónarkennari aðstoða foreldra við að auglýsa skemmtunina í töskupósti, tölvupósti og/eða Mentor. Þeir tiltaka einnig í auglýsingunni hverjir eiga að koma með drykki og hverjir með hollt að narta í ef bekkjarskemmtunin er haldin innan veggja skólans.

September:

Hjólaferð og hópleikir. Grill
Fjöruferð (á vegum skólans)

Umsjónarmenn:

Október:

Mjólkursamsalan (á vegum skólans)

Nóvember:

Spilakvöld
Laufabrauðsgerð og vöflukaffi foreldrafélagsins

Umsjónarmenn:

Janúar

Keila

Umsjónarmenn:

Febrúar:

Bekkjarkvöld. Leiksýning nemenda – kennari skipuleggur, bekkjarfulltrúar aðstoða
Skautuferð (á vegum skólans)

Mars:

Páskabingó
Sjófiskasafn (á vegum skólans)

Umsjónarmenn:

Apríl:

Húsdýragarðurinn (á vegum skólans)

Mái:

Vorferð í Miðdal (á vegum skólans)

Vorhátíð foreldrafélagsins

Sumarhátíð bekkjarins – Grill og leikir á útvistarsvæði. Umsjónarmenn:

Erindisbréf nefnda

Hér eru dæmi um erindisbréf tveggja nefnda er starfa á vegum foreldrafélagsins. Önnur þeirra starfar allan veturinn og sinnir mörgum verkefnum er falla undir hennar verksvið en hin nefndin kemur að einu ákveðnu verkefni. Nefndir geta verið margvíslegar og þarf foreldrafélagið að huga að því árlega hvaða nefndir eiga að starfa en fjöldi nefnda getur verið mismunandi milli ára.

Forvarnanefnd

Markmið forvarnanefndar er að stuðla að umræðu um forvarnamál í skólanum og miðla upplýsingum til foreldra um mikilvægi forvarna og um það forvarnastarf sem unnið er í skólanum.

Nefndin skal skipuð sex foreldrum, þremur af miðstigi og þremur af unglíngastigi.

Nefndin fundar að lágmarki tvisvar á önn og oftár ef þurfa þykir. Í upphafi haustannar fundar nefndin með stjórn foreldrafélagsins. Nefndin starfar í nánú samstarfi við foreldrafélag skólans, skólastjórnendur, umsjónarmann félagsstarfs í skólanum sem og forvarnarfulltrúa bæjarins. Nefndin fylgist með framvindu foreldraröls og aðstoðar við framkvæmdahlíð þess ef þörf krefur.

Nefndin skipar formann sem heldur utan um starfið og boðar fundi. Formaður gerir grein fyrir störfum nefndarinnar á aðalfundi foreldrafélagsins og skilar ársskýrslu til ritara foreldrafélagsins.

Vorhátíðarnefnd

Markmið vorhátíðarnefndar er að standa fyrir og skipuleggja vorhátíð skólans.

Nefndin skal skipuð tíu foreldrum, einu úr hverjum árgangi.

Nefndin skal skipuð að hausti en hún tekur til starfa í janúar. Nefndin heldur utan um öll gögn sem hún fær afhent um skipulag hátíðarinnar. Nefndin skal uppfæra ef þörf krefur tímaáætlun um hvenær sinna þarf ákveðnum verkþáttum þannig að þeir sem taka við næst geti gengið að ákveðnu verkferli. Nefndin tekur tillit til hefða sem skapast hafa við vorhátíðina við skipulagningu hennar.

Nefndin starfar í nánú samstarfi við foreldrafélagið og skólastjórnendur og fundar með þeim eins oft og þurfa þykir. Foreldrafélagið er nefndarmönnum innan handa við að útvega fólk til að starfa á vorhátíðinni en eitt af hlutverkum bekkjarfulltrúa er að aðstoða á vorhátíðinni.

Vinahópar

Markmið vinahópa er að styrkja tengsl nemenda í bekknum og stuðla að góðum bekkjaranda.

Um er að ræða hópastarf sem stuðlar að betri samskiptum innan bekkja og eykur félagsfærni nemenda. Vinahópar gefa börnunum tækifæri til að kynnst bekkjarfélögum sínum á öðrum vettvangi og foreldrum tækifæri til að kynnst bekkjarfélögum barnsins síns sem og foreldrum þeirra. Vinahópar hafa forvarnagildi þar sem þeir stuðla að jákvæðum samskiptum, umburðarlyndi eykst og sjóndeildarhringurinn víkkar. Einnig er bent á vinahópa sem leið til að vinna úr eineltismálum.

Vinahópar ýta einnig undir félagslega samtryggingu foreldra sem skiptir miklu máli á unglingsárunum. Markmið með vinahópum er fyrst og fremst að skapa jákvæð samskipti innan nemendahópsins, en einnig að auka tilfinningu barnanna fyrir því að okkur foreldrum standi ekki á sama um félagslega velferð þeirra. Með því að koma snemma á vinahópum í grunnskóla er lagður grunnur að farsælum samskiptum barnanna á unglingsárunum þar sem öryggi þeirra og félagsleg samtrygging foreldra skiptir mjög miklu máli. (www.grunnskolar.is/fraedslumidstodin.nsf/pages/einelti.html).

Foreldrar eru boðaðir á fund (einnig er hægt að taka þetta fyrir á námsefniskynningarfundi), hugmyndin rædd og útskýrð og samþykki foreldra fengið.

Börnum er ráðað í fjögurra manna hópa í samráði við umsjónarkennara.

Bekkjjarfulltrúar afhenda foreldrum skema þar sem fram kemur hópaskipting sem og hvaða tímabil hvert barn hefur. Til dæmis ef um tveggja mánaða tímabil er að ræða þá hefur hvert foreldri ákveðnar tvær vikur til að halda vinahóp. Foreldrar ráða hvað dag og klukkan hvað hópurinn hittist en á skemanu kemur fram hver á að hafa vinahópa og á hvaða tveggja vikna tímabili. Þeir foreldrar sem eiga að fá hóp til sín, hringja til þeirra barna sem eiga að koma til þeirra og staðfesta tíma.

Hugmyndin er að hafa hópana í einn og hálfan til tvo tíma í senn. Ekki er ætlast til að foreldrar hafi mikið fyrir börnunum, en sjái til þess að þau eigi ánægjulega stund saman. Ekki er gert ráð fyrir að vídeomyndir eða tölvuleikir verði á dagskrá og nauðsynlegt er að einhver fullorðinn sé alltaf með börnunum þegar þau hittast.

Eftir tvo mánuði eru nýir hópar myndaðir og leikurinn endurtekinn.

Hafa skal í huga að oft vilja einhverjir ekki eða geta ekki tekið þátt í verkefninu. Mikilvægt er að muna að oft eru það börn þeirra foreldra sem þurfa mest á því að halda að vera með. Ekki láta þetta stoppa okkur og höldum áfram eins og ekkert hafi í skorist.

Hvað á að gera þegar vinahópurinn hittist? Hér eru nokkrar hugmyndir, en látið hugmyndaflugið njóta sín.

- | | |
|---|------------------------------|
| - Spjalla saman yfir kakóbolla og meðlæti | - Heimsækja vinnustað |
| - Sund | - Heimsækja sniðug leiksvæði |
| - Hjólaferð | - Baka |
| - Skautar | - Elda |
| - Fjörufurð | - Föndra |
| - Fara á safn/bókasafn | - Spila |
| - Gönguferð (t.d. með nesti) | - Fara í útileiki |

Hópaskipting í vinahópum:

Hópur 1

Nafn	Sími	Vika
Jón Ísak	555 1249	3.-10. október
Jónatan	599 9977	11. –18. október
Sigrún	589 5566	19. – 26. október
Guðrún	898 9999	27.okt. – 3. nóvember

Hópur 2

Nafn	Sími	Vika

Hópur 3

Nafn	Sími	Vika

Hópur 4

Nafn	Sími	Vika

Fundarboð

Aðalfundur Foreldrafélags XXXskóla
verður haldinn

Fimmtudaginn 23. maí 2010 kl. 20:00

á sal skólans

Fundarstjóri: Friðfinnur Jónatansson

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf

I. Foreldrafélag:

1. Skýrsla foreldrafélags
2. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
3. Félagsgjöld ákveðin
4. Stjórnarkjör

Stjórnarmenn sem sitja áfram:

Eftirfarandi hafa gefið kost á sér:

II. Skólaráð:

1. Skýrsla um störf skólaráðs
2. Kosning í skólaráð

Stjórnarmenn sem sitja áfram:

Eftirfarandi hafa gefið kost á sér:

3. Önnur mál

III. Fyrirlestur: Netöryggi barna - SAFT

Verkefnastjóri hjá Heimili og skóla fjallar um netöryggi og hvað foreldrar geta gert til að auka öryggi barna sinna í samskiptum við netið og aðra nýlega miðla.

Forráðamenn látið þennan fyrirlestur ekki framhjá ykkur fara!

Kaffi og meðlæti í boði foreldrafélagsins

Stjórnin

Velkomin í Mararskóla

Kynningarfundur

sunnudaginn 21. ágúst 2010 kl. 16-18

Skólastjórnendur og foreldrafélag Mararskóla bjóða forráðamönnum nýrra nemenda í 2.-10.bekk ásamt börnum þeirra á kynningarfund á samkomusal skólans.

Markmið fundarins er að gefa foreldrum og nemendum innsýn í skólann og hans nánasta umhverfi sem og tækifæri til að kynna hvert öðru þannig að fyrstu skrefin í nýjum skóla verði auðveldari og ánægjulegri. Á fundinum verða nokkrir foreldrar og nemendur úr þeim bekkjum sem nýir nemendur munu setjast í.

Dagskrá:

- ❖ Kynning á félags - og íþróttastarfi í bænum
- ❖ Kaffi og veitingar
- ❖ Skipulögð samvera nemenda undir handleiðslu kennara
- ❖ Kynning fyrir foreldra á starfsemi skólans
- ❖ Kynning á skólaráði og foreldrafélagi skólans
- ❖ Ratleikur um skólann

Við vonum að sem flestir sjái sér fært að koma

Þátttaka tilkynnist á mararskoli@mararskoli.is eða í síma 667 5757

Hlökkum til að sjá ykkur,
Skólastjórnendur og foreldrafélag Mararskóla

Velkomin í Mararskóla !

*Fundur með foreldrum nemenda sem fara í 1. bekk
18. ágúst 2010 kl. 18 - 19*

Stjórnendur og foreldrafélag Mararskóla boða til fundar með foreldrum nemenda í 1. bekk. Fundurinn verður haldinn á sal skólans fimmtudaginn 18. ágúst n.k. kl. 18:00-19:00.

Dagskrá:

- Farið yfir helstu atriði er varða upphaf skólagöngu nemendanna
- Umsjónarkennarar afhenda boðanir í viðtöl sem verða mánudaginn 22.8
- Kynning á foreldrafélagi og hlutverki bekkjarfulltrúa foreldrafélagsins
- Kosnir verða bekkjarfulltrúar fyrir hverja bekkjardeild

Mikilvægt er að allir foreldrar mæti á fundinn. Sé um forföll að ræða óskast þau tilkynnt á skrifstofu skólans í síma 667 5757.

Kennsla hefst þriðjudaginn 23. ágúst samkvæmt stundaskrá.

Hlökkum til að sjá ykkur,
Skólastjórnendur og foreldrafélag Mararskóla

Mararskóli, Marargötu 1 - www.mararskoli.is

Starfsreglur Skólaráðs xxskóla

Skólaráð xxskóla starfar samkvæmt 8. grein laga nr. 91/2008 um grunnskóla og Reglugerð nr. 1157 um skólaráð við grunnskóla.

Hlutverk og skipan

Í xxskóla starfar skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald.

Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs xxskóla. Hann situr í skólaráði og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi félagsmiðstöðvar sem fulltrúi grenndarsamfélags. Aðstoðarskólastjóri er ritari skólaráðs og stýrir ráðinu í forföllum skólastjóra.

Verkefni skólaráðs

Skólaráð xxskóla tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald.

Skólaráð xxskóla:

- fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið
- fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skólans og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar
- tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið
- fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda
- fjallar um skólareglur, umgengnishætti í skólanum
- fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti, öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað og ef ástæður eru til
- tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Kosning skólaráðs

Skólaráð xxskóla er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn. Miðað skal við að skipað sé í ráðið í upphafi skólaárs fyrir 15. september. Kosningum skal haga á eftirfarandi hátt:

- tveir fulltrúar kennara skulu kosnir á kennarafundi
- einn fulltrúi annars starfsfólks skal kosinn á starfsmannafundi þess
- tveir fulltrúar foreldra skulu kosnir samkvæmt starfsreglum foreldrafélags xxskóla
- tveir fulltrúar nemenda skulu kosnir samkvæmt starfsreglum nemendafélags skólans
- skólaráð velur sér sjálft einn fulltrúa úr hópi íbúa í grenndarsamfélaginu

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Varamenn geta tekið sæti í skólaráði á einstökum fundum í forföllum aðalmanns. Varamaður tekur fast sæti við varanleg forföll eða missi kjörgengis aðalmanns, nema nýr sé kjörinn eða valinn í hans stað. Fulltrúi í skólaráði missir hæfi sitt til setu í ráðinu ef tengsl hans við skólann rofna.

Starfsáætlun

Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og boðar reglulega til funda, eigi sjaldnar en níu sinnum á skólaárinu.

Skólaráð xxskóla setur sér starfsáætlun til eins skólaárs í senn og er skólastjóri ábyrgur fyrir gerð starfsáætlunar. Skólastjóri kynnir drög að starfsáætlun á fyrsta fundi hvers skólaárs. Við skipulag starfsáætlunar skal sérstaklega tekið tillit til aðstæðna fulltrúa nemenda.

Skólaráð xxskóla heldur að lágmarki einn opinn fund á ári um málefni skólans fyrir aðila skólasamfélagsins. Markmið þessara funda er að ræða stefnumótun í starfi skólans og starfsumhverfi hans. Fundirnir skulu vera hluti af sjálfsmats- og þróunaráætlun skólans.

Ráðið starfar á starfstíma skóla en heimilt er að kalla það saman á öðrum tíma beri brýna nauðsyn til. Skyld er að kalla saman fund ef þrír eða fleiri skólaráðsmenn óska þess.

Haldin er gerðabók um skólaráðsfundi xxskóla og liggja fundargerðir frammi í skólanum og á vef skólans.

Þátttaka nemenda í skólaráði

Fulltrúar nemenda xxskóla skulu ávallt eiga þess kost að taka þátt í starfi skólaráðs þegar fjallað er um velferðar- og hagsmunamál nemenda, árlega starfsáætlun skóla, aðrar áætlanir er varða skólahaldið og um meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla.

Fulltrúar foreldra í skólaráði xxskóla gæta hagsmuna nemenda þegar þeir, vegna aldurs eða þroska, geta ekki tekið þátt í störfum skólaráðs, sbr. 13. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 1. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Fulltrúar nemenda hafa þó ávallt rétt á að taka þátt í starfi skólaráðs xxskóla.

Ábyrgð fulltrúa í skólaráði

Skólaráðsfulltrúum er skylt að gæta trúnaðar varðandi upplýsingar um einstaklinga, nemendur, starfsmenn skóla eða annað sem þeir verða áskynja um í starfi sínu

Fulltrúar í skólaráði kynna starf ráðsins fyrir umbjóðendum sínum.

Skólaráð getur vísað erindum sem það hefur fjallað um ásamt umsögn til skólanefndar, foreldrafélags, kennarafundar, starfsmannafundar eða nemendafélags.

Sé lögum og reglum um grunnskóla eða áætlunum um skólahald ekki framfylgt að mati skólaráðs ber því að tilkynna það til menntamálaráðuneytisins enda hafi ábendingum þess til skólastjóra og/eða skólanefndar ekki verið sinnt.

Samþykkt á fundi skólaráðs xxskóla í september 2009

Úr aðalnámskrá grunnskóla

Skólanámskrá

Samkvæmt lögum skal árlega gefa út skólanámskrá í hverjum skóla og er skólastjóri ábyrgur fyrir því að hún sé unnin, gefin út og kynnt. Skólanámskrá skal vera nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla en jafnframt gefur hún kost á að laga fyrirmæli aðalnámskrár að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum, draga þessi sérkenni fram og nýta þau til eflingar námi og kennslu. Vönduð skólanámskrá er ein forsenda þess að markmiðum aðalnámskrár verði náð og skólar njóti trausts.

Í aðalnámskrá grunnskóla er lögð megináhersla á að námsmarkmið séu sett fram á skýran hátt þannig að hvorki kennarar, nemendur né foreldrar velkist í vafa um hvaða kröfur eru gerðar til nemenda og skóla. Sömu kröfur eru gerðar til skólanámskrár. Aðalnámskrá setur skólum almenn viðmið en það er aftur á móti hvers skóla að útfæra þau nánar í skólanámskrá bæði með tilliti til þess nemendahóps sem stundar nám í skólanum sem og þeirra kennsluhátta sem skólinn aðhyllist. Í skólanámskrá birtist stefna skólans og þau gildi sem hún grundvallast á og hvernig skólinn útfærir ýmis almenn og fagbundin markmið aðalnámskrár, skipulag kennslu og kennsluhætti. Einnig skal fjalla þar um sjálfsmatsáætlun og tilhögun námsmats.

Í skólanámskrá birtir skólinn einnig starfsáætlun sína og þær verklagsreglur sem í gildi eru í skólanum, t.d. varðandi umgengni og aga, slysavarnir og heilsugæslu. Einnig þarf að koma fram hvernig staðið er að námsráðgjöf fyrir nemendur og stuðningi af ýmsu tagi. Í skólanámskrá þarf að koma fram lýsing á samsetningu námshópa og bekkjaskipan og rök skólans fyrir þeirri skipan. Jafnframt hvernig skólinn hyggst stuðla að jákvæðum og lýðræðislegum skólabrag.

Brýnt er að skóli rækti tengsl við ýmsa aðila utan skólans. Því þarf að lýsa í skólanámskrá hvernig skólinn hyggst vinna með heimilum. Einnig hvernig samstarfi er háttað með félögum, s.s. æskulýðs- og íþróttafélögum, stofnunum, fyrirtækjum og öðrum aðilum utan skólans að því sameiginlega verkefni að veita öllum nemendum haldgóða menntun. Í skólanámskrá þarf m.a. að koma fram áætlun skólans um tengsl við önnur skólastig, við atvinnulífið, áætlun um starfsfræðslu og námskynningar og alþjóðlegt samstarf.

Við framsetningu markmiða í aðalnámskrá er miðað við að þorri nemenda nái þeim markmiðum á svipuðum tíma. Hins vegar er ljóst að sumir nemendur ná settum markmiðum á mun skemmri tíma, aðrir þurfa lengri tíma. Í skólanámskrá þarf að koma fram hvernig skólinn hyggst mæta mismunandi þörfum nemenda.

Skyld er að leggja skólanámskrá fyrir foreldraráð skólans til umsagnar ár hvert með góðum fyrirvara auk þess að kynna hana fyrir nemendaráðum. Að loknu umsagnarferli skal skólanámskrá lögð fyrir skólanefnd til samþykktar.

Umsögn um skóladagatal fyrir skólaárið

Í 28. grein grunnskólalaga segir um starfstíma grunnskóla.

Starfstími.

Starfstími nemenda í grunnskóla skal á hverju skólaári vera að lágmarki níu mánuðir. Skóladagar nemenda skulu eigi vera færri en **180**. Skipting milli kennsludaga og annarra skóladaga nemenda er á ábyrgð skólastjóra að höfðu samráði við skólaráð og að fenginni staðfestingu skólanefndar.

Vikulegur kennslutími hvers nemanda í grunnskóla skal að lágmarki vera:

- a. 1.200 mínútur í 1.- 4. bekk,
- b. 1.400 mínútur í 5.- 7. bekk,
- c. 1.480 mínútur í 8.- 10. bekk.

Skólastjóri ákveður nánari útfærslu vikulegs kennslutíma í samráði við skólaráð. Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að hann sé samfelldur með eðlilegum hléum og fari ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska. Heimilt er að víkja frá vikulegum lágmarkskennslutíma skv. 2. mgr. tímabundið, en nemendum skal þá tryggð viðbótarkennsla sem nemur frávikinum innan sama skólaárs.

Á næstu síðu er hugmynd að könnun um skóladagatal

1. Fengu foreldrar nægan tíma til umsagnar um skóladagatalið?

Skóladagatali skal að jafnaði skilað til skólanefndar tímanlega að vori þar sem skóladagatal skal liggja frammi fyrir skólaslit. Foreldrafélaginu þarf því að berast dagatalið til umsagnar fyrir marsfund sinn. Foreldrafélaginu og/eða fulltrúum foreldra í skólaráði ber síðan að skila umsögn eigi síðar en á næsta skólaráðsfundi. Afrit af umsögn skal sent til skólastjóra fyrir fundinn.

Óviðunandi Viðunandi Í góðu lagi

Athugasemdir:

2. Er skóladagatalið skýrt fram sett t.d. með litakóðum og fylgja því skýringar?

Óviðunandi Viðunandi Í góðu lagi

Athugasemdir:

3. Er skólaárið á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní?

Skólaárið skal ná yfir 9 mánuði skv. grunnskólalögum. Skv. kjarasamningi við kennara skal skólaárið vera innan tímabilsins **20. ágúst til 10. júní** og skulu skóladagar vera **180**. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru **5** og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru **8**. Þeir dagar sem ekki eru kennsludagar nýtast til ýmissa hluta sem tengdir eru skólastarfinu eins og til foreldradaga, litlu jóla og þ.h. þar sem eiginleg kennsla fer ekki fram. Kennarar fá á þessu tímabili svokallaða skipulagsdaga sem dreifa má innan þess. Ef þannig stendur á lögbundnum fríum að á tímabilinu eru aukadagar má nota þá t.d. til vetrarfría eða til styttingar skólaárs.

Já Nei, sjá athugasemdir

Athugasemdir:

4. *Eru skóladagatöl leik- og grunnskóla samræmd? (Vetrarfrí)*

Það er mikið hagræði fyrir foreldra ef skipulagsdagar í leikskólum eru teknir á sömu dögum og í grunnskólum. Ef skólinn er ekki heildstæður þarf einnig að gæta að samræmingu milli skólanna.

Já

Nei, sjá athugasemdir

Athugasemdir:

5. *Eru foreldradagar í öllum deildum á hvoru misseri?*

Mikilvægt er að foreldradagar séu á hvoru misseri og um miðbik þess svo hægt sé að taka mið af árangri fyrri hluta misseris og gera áætlanir fyrir seinni hluta þess.

Já

Nei, sjá athugasemdir

Athugasemdir:

6. *Eru athugasemdir um vetrarfrí?*

Skólanefnd hefur í kjölfar skoðanakönnunar meðal foreldra ákveðið að hafa vetrarfrí næstkomandi vetur þar sem mikill meirihluti foreldra var hlynntur vetrarfrí.

Nei

Já

Athugasemdir:

9. *Aðrar athugasemdir*

Samskiptaleiðir foreldra við skólann

Foreldrafulltrúar: Vita foreldrar í ykkar skóla hvert á að leita!

Foreldrar og forráðamenn geta alltaf leitað til aðila innan skólans bæði til að fá upplýsingar sem og til að veita upplýsingar um sitt barn. Mikilvægt er að foreldrar hafi samband við skólann ef þeir hafa áhyggjur af einhverju varðandi barnið og eins ef foreldri hefur áhuga á að fá upplýsingar eða ræða um eitthvert tiltekið mál.

Gagnkvæm upplýsingamiðlum er nauðsynleg til að traust skapist á milli heimila og skóla. Mikilvægt er að foreldrar láti skóla vita af breyttum högum barns, veikindum í fjölskyldu þess eða hvaðeina sem getur haft áhrif á líðan eða hegðun barnsins. Viti kennari um breyttar aðstæður barns á hann auðveldara með að mæta þörfum þess.

Ef foreldrar eru óánægðir með eitthvað í skólanum er mikilvægt að þeir fari í skólann og ræði málið. Sama gildir hafi þeir hugmyndir um lausnir á því sem betur má fara. Gæta þarf vel að því að óánægja foreldra sé ekki rædd fyrir framan börnin þar sem það getur skapað hjá þeim vanlíðan, óöryggi eða neikvæðni í garð skólans. Einnig er gott að temja sér að hafa regluleg samskipti við umsjónarkennara og ræða meðal annars um það sem vel er gert.

Hvert á að leita? Best er að byrja á að tala við **umsjónarkennara** eða viðkomandi **faggreinakennara** ef um ákveðna námsgrein er að ræða. Ef foreldrar eru enn ósáttir má ræða við **sérkennara** ef um námstengdan vanda er að ræða annars er hægt að tala við **deildarstjóra** ef slíkur stjórnandi starfar við skólann. Ef málið snýst um líðan barnsins í skólanum eða námsvanda má einnig leita til **námsráðgjafa**. Ef foreldrar eru ósáttir við hvernig kennari, deildarstjóri eða námsráðgjafi vinnur með málið þá geta foreldrar snúið sér til **aðstoðarskóllastjóra** eða **skóllastjóra**.

Skólastjóri sem og aðrir starfsmenn skólans geta vísað málinu til **nemendaverndarráðs** sem tekur þá ákvörðun um það í hvernig ferli málið skal fara og hvort eigi að vísa því áfram t.d. til **sálfræðings** skólans. Foreldrar geta einnig leitað beint til sálfræðingsins til að fá upplýsingar og ráðgjöf en æskilegt er að það sé gert í samráði við kennara. Hafi verið leitað allra leiða innan skólans, án þess að niðurstaða hafi fengist að mati foreldra geta þeir leitað til grunnskólafulltrúa/fræðsluskrifstofu og síðan skólanefndar.

Í Reykjavík og stærri bæjarfélögum starfar sérstakur ráðgjafi um samskipti heimili og skóla sem sinnir ráðgjöf og tengslum milli foreldra og skóla.

Samskiptaleiðir:

Umsjónarkennari/faggreinakennari



Sérkennari/námsráðgjafi/deildarstjóri/sálfræðingur



Skólastjórndur



Grunnskólafulltrúi/skólaskrifstofa/fræðsluskrifstofa



Skólanefnd/fræðslunefnd/barnaverndarnefnd

Foreldrasáttmálinn er árangursrík leið

Rannsóknir sýna að því yngri sem börn eru þegar þau hefja neyslu áfengis og annarra vímuefna þeim mun líklegra er að það valdi þeim erfiðleikum og hafi neikvæð áhrif á líf þeirra og fjölskyldunnar. Við hvert ár sem byrjunaraldurinn hækkar minnka líkur á misnotkun um 14%. Foreldrar þurfa að vita hvað er í húfi svo þeir geti rætt við börnin sín og brugðist rétt við.

Félagsgerð grenndarsamfélagsins sem barnið elst upp í og jafningjahópurinn hafa mikil áhrif, þess vegna er mikilvægt að foreldrar taki höndum saman í forvörnum.

Heimili og skóli - landssamtök foreldra hafa þróað Foreldrasamninginn sem forvarnaverkefni fyrir foreldra. Samningurinn er tvískiptur og er annars vegar fyrir 1.-5. bekk og hins vegar fyrir 6.-10. bekk. Foreldrasamningurinn hefur verið endurútgefinn og heitir nú **Foreldrasáttmáli**. Foreldrasáttmálinn er leiðarvísir sem bekkjarfulltrúar og umsjónarkennarar geta nýtt sér til að koma af stað umræðum um uppeldisleg gildi og til að efla skilning á mikilvægi samstarfs og þátttöku foreldra í skólasterfi barna sinna. Markmið með slíku samkomulagi eða sáttmála er annars vegar að vekja foreldra og forráðamenn til vitundar um mikilvægi þess að sýna börnum og unglingum umhyggju, virkan stuðning og setja þeim skýr mörk. Hins vegar að skapa umræðugrundvöll meðal foreldra barna í ákveðnum bekkjardeildum og fá þá til að sameinast um ákveðin viðmið um hegðun. Samkomulagið er staðfest með undirskrift þar sem foreldrar staðfesta vilja sinn til að framfylgja þessum viðmiðum eftir því sem kostur er. Foreldrasáttmálinn höfðar til samábyrgðar foreldra í bekknum um uppeldið t.d. hvað varðar einelti, útivist, eftirlitslaus partí og reglur um notkun á tækni eins og tölvuleikjum, aðgengi að netinu og farsímum.

Verkefnið leggur grunn að umræðum á milli foreldra um þau atriði er skipta máli fyrir farsælt uppeldi. **Foreldrasáttmálinn** er í eðli sínu forvarnaverkefni gegn hvers konar neikvæðum lífsstíl hjá börnum og unglingum. Þar sem verkefnið hefur verið vel kynnt og góð samstaða foreldra hefur náðst um ákveðna þætti í uppeldinu, er það samdóma álit allra sem að koma, að sáttmálinn skili óumdeilanlega góðum árangri. Þeir sem eru í uppreisn við ríkjandi gildi í þjóðfélaginu láta oft mest til sín heyra. Foreldrasáttmálinn er kjörið mótvægi við slíkar raddir. Með því að skapa umræðuvettvang fyrir foreldra til að ræða mikilvæg uppeldisleg atriði aukast líkur á viðhorfsbreytingu og minnkuðu umburðarlyndi foreldra sem og samfélagsins í heild gagnvart neikvæðum lífsstíl barna. Við teljum að ein árangursríkasta leið sem við höfum til að vekja vitund foreldra um hættur sem kunna að steðja að börnum þeirra, sé að fá þá til að hittast og ræða málin yfir verkefni sem krefst virkrar þátttöku þeirra eins og **Foreldrasáttmálinn** gerir.

Óskastaðan er að skólastjórnendur og kennarar hafi forgöngu um að veita foreldrum uppeldislega leiðsögn og hjálpi til við að mynda vettvang innan skólans þar sem foreldrar geta komið saman til að ræða um uppeldi og velferð barna. Það er mikill stuðningur við starf kennara ef foreldrar eru í sambandi; fylgjast með, styðja við nám og félagslíf barna sinna, gæta þess að þau komi úthvöld í skólann, sinni heimanámi og taki þátt í bekkjarstarfinu. Ein leið til samstarfs er Foreldrasáttmálinn.

*Helga Margrét Guðmundsdóttir
verkefnastjóri hjá Heimili og skóla – landssamtökum foreldra*

Fulltrúi foreldra í skólanefnd

Kosning þarf að taka mið af aðstæðum á hverjum stað.

Fulltrúi foreldra í skólanefnd skal sitja í skólaráði eða í stjórn foreldrafélags í skóla í sveitarfélaginu. Skipt er um fulltrúa í skólanefnd að hausti og skal kosning því liggja fyrir eins fljótt og mögulegt er.

Þar sem einn skóli tilnefnir fulltrúa í skólanefnd:

Stjórn foreldrafélags kýs einn úr stjórn eða skólaráði sem fulltrúa foreldra í skólanefnd og einn til vara. Kosningu skal vera lokið fyrir septemberlok. Kosið er til tveggja ára í senn.

Þar sem tveir til fjórir skólar tilnefna fulltrúa í skólanefnd:

Ákveðið er á hvern hátt skólarnir skiptast á að tilnefna fulltrúa. Kosning fer fram í viðkomandi skóla líkt og lýst er hér að ofan.

Þar sem starfandi er svæðisráð skóla á viðkomandi svæði:

Stjórn svæðisráðs fær tilnefningar frá foreldrafélögum viðkomandi skóla. Svæðisráðið kynnir þá sem gefa kost á sér til setu í skólanefnd fyrir stjórnnum foreldrafélaganna og fulltrúum foreldra í skólaráði á fundi með þeim eða með tölvupósti sbr. starfsreglur svæðisráðs. Fulltrúar svæðisráðs halda utan um kosningu um aðalfulltrúa og einn varafulltrúa í skólanefnd. Kosið er til tveggja ára í senn. Að öllu jöfnu skal fulltrúi ekki sitja lengur en tvö ár í skólanefnd hverju sinni. Hann skal vera í góðum tengslum við bakland sitt í foreldrafélagunum/svæðisráðinu.

Fulltrúi foreldra í skólanefnd skal gæta hagsmuna nemenda og foreldra allra þeirra skóla sem heyra undir viðkomandi skólanefnd. Hann sendir stjórnnum foreldrafélaga og/eða svæðisráði foreldra fundargerðir skólanefndar og/eða aðrar upplýsingar sem varða skólastarfið.

Svæðisráð og stjórnir foreldrafélaga geta sent fulltrúanum beiðni um að fylgja ákveðnum málum eftir við skólanefnd. Eins ber þeim að upplýsa hann reglulega um stöðu mála í hverjum skóla og kalla eftir tillögum um það sem betur má fara í skólasamfélaginu.

Ef aðalfulltrúi kemst ekki á fund skólanefndar skal hann boða varamann sinn á fundinn í tíma.

Fulltrúi foreldra í skólanefnd á sæti í svæðisráði og fundar því reglulega með því. Þar sem ekki er starfandi svæðisráð fundar hann og varamaður hans með stjórnnum foreldrafélaga a.m.k. einu sinni á vetri. Svæðisráð og foreldrafélag hvers skóla er bakland fulltrúa foreldra í skólanefnd og því fá þeir sendar fundargerðir skólanefndar. Mikilvægt er að sá sem situr í skólanefnd fyrir hönd foreldra beiti sér fyrir því að upplýsingar um hann séu á heimasíðum skólanna og að hans sé getið á heimasíðu sveitarfélagsins og í fundargerðum skólanefndar.

Formaður skólanefndar ber ábyrgð á því að skólanefnd sé skipuð skv. 6. grein grunnskólalaga og samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 45 frá 1998. Honum ber að beita sér fyrir því að nefndin sé fullskipuð og að allir nefndarmenn fái greidd nefndarlaun í samræmi við samþykktir sveitarfélagsins. Honum ber einnig að gæta þess að foreldrar tilnefni fulltrúa og annan til vara í skólanefnd.

Erindisbréf fyrir fulltrúa foreldra grunnskólabarna í skólanefnd

Í svæðisráði foreldra grunnskólabarna í xxxbæ var samþykkt erindisbréf fyrir fulltrúa foreldra grunnskólabarna í skólanefnd bæjarins.

Þar segir: „Svæðisráðið skipar fulltrúa foreldra til að starfa með skólanefnd xxxbæjar og einn til vara. Fulltrúi foreldra situr skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt, í samræmi við 6. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008.“

Fulltrúi foreldra í skólanefnd skal vinna í samræmi við stefnu svæðisráðsins og samkvæmt erindisbréfi þessu. Í starfi sínu skal hann huga að eftirtöldu:

Starfa af samvissusemi og skyldurækni að framgangi málefna allra grunnskóla í xxxbæ á faglegan og málefnalegan hátt.

Fylgja eftir erindum til skólanefndar frá svæðisráðinu, skólaráðum og/eða öðrum foreldrum sem til hans leita.

Á stjórnarfundum svæðisráðsins kynnir fulltrúinn það sem er efst á baugi hverju sinni og snertir foreldrasamfélagið.

Miðla upplýsingum til fulltrúa foreldra í skólaráðum varðandi mál sem tekin eru fyrir á fundum skólanefndar, t.d. með því að senda fundargerðir og stuttar samantektir til þeirra og formanna foreldrafélaga í bænum.

Vera vakandi yfir þeim málum sem eru til umfjöllunar og snerta foreldrasamfélagið.

Hvað segja rannsóknir?

Góð tengsl heimilis og skóla hafa sennilega aldrei verið jafn mikilvæg og nú um stundir. Á undanförunum árum hefur skóladagur barna lengst verulega og ýmsir þættir, eins og t.d. tómstundastarf og skóladagvist, hafa tengst skólastarfinu. Uppeldishlutverk grunnskólans hefur þar með fengið meira vægi. Samstarf heimilis og skóla eykur skilning og þekkingu á báða bóga. Þannig er stuðlað að velferð barnsins en það ætti að vera meginmarkmið allra sem það varðar.

Komið hefur fram í íslenskum rannsóknum að eftirlit foreldra, stuðningur þeirra, magn tíma sem varið er með foreldrum og tengsl foreldra við aðra foreldra og vini barna þeirra dragi úr líkum á vímuefnaneyslu og auki líkur á góðum námsárangri (*Social Forces, 2005; Scandinavian Journal of Educational Research, 2009*).

Einnig hefur þar komið fram að í skólum þar sem foreldrar þekkja aðra foreldra og vini barnanna sinna eru minni líkur á því að hver einstakur nemandi neyti áfengis, og meiri líkur á því að hann fái góðar einkunnir, ÓHÁÐ því hvort foreldrar hans tilheyri þessu tengslaneti foreldra eða ekki (*Social Forces, 2005 og Acta Sociologica, 2007*).

Þá segja rannsóknir okkur að þátttaka unglinga í skipulögðu tómstundastarfi og íþróttum sér mikilvæg forvörn gegn vímuefnaneyslu (*BMC Public Health, 2008*)

Þátttaka ungmenna, sem stunda íþróttir fjórum sinnum í viku eða oftar sem og þátttaka í íþróttafélögum jókst verulega á árabílinu 1992 til 2006. Á sama tíma fjölgaði í hópnum sem ekki stundar íþróttir. Yfir 50% íslenskra unglinga eru ekki virkir þátttakendur í íþróttum (*European Journal of Public Health, 2008*).

Álag sem skapast við að búa við rifrildi og ofbeldi á heimilum eykur líkur á bæði þunglyndi og reiði meðal ungmenna. Þá eykur reiði ungmenna líkur á að þau leiðist út í afbrot (*Journal of Youth and Adolescence, 2004*).

Þessar upplýsingar og fleira kom fram í samantekt Ingu Dóru Sigfúsdóttur á 10 ára afmæli Rannsókna og greiningar 12. mars 2009.

Almennt um samstarf heimila og skóla

Komið hefur fram í rannsóknum að samstarf foreldra og skóla hefur alltaf jákvæð áhrif á skólastarf. Áhugi foreldra á námsgengi nemenda sinna auk stuðnings frá foreldrum skilar sér meðal annars í betri líðan nemenda sem og bættri námsframmistöðu¹. Það er því til mikils að vinna að efla samstarf heimilis og skóla.

Samskipti við skóla geta verið margvísleg en samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti, samábyrgð og gagnkvæmu upplýsingaflæði. Eðlilegt er að samskiptin einkennist af ákveðinni verkaskiptingu þar sem samkomulag er um verkefni og skyldur foreldra, nemenda og kennara. Flóknari þættir eins og vald, traust og ábyrgð tengjast þessum samskiptum og koma meðal annars fram í því hvort foreldrum er treyst til að annast ákveðna þætti menntunar eða gefst kostur á að hafa áhrif á skólastarfið.¹

Rannsóknir á samskiptum heimila og skóla á öllum skólastigum hafa sýnt að hægt er að byggja upp samfélög sem láta sér annt um ungu kynslóðina, skólar geti virkjað nær alla foreldra til þátttöku og flest allir foreldrar, nemendur og kennarar telja að samvinna sé mikilvæg upp á stuðning við nemendur að gera. Kannanir síðustu ára hafa sýnt að hægt er að bæta námsárangur nemenda með því að fá foreldra til að styðja við nám þeirra og þá skiptir ekki máli hvaða menntun, tekjur eða þjóðfélagslega stöðu foreldrarnir hafa.²

Samstarfið á fyrst og fremst að snúast um hvern einstaka nemanda, nám hans og velferð. Einnig þarf að leggja áherslu á samstarf innan hvers bekkjar því bekkjarandi skiptir nemendur miklu máli. Skólabragurinn skiptir einnig miklu máli og hefur áhrif á það hvernig skólastarfið gengur. Byggist hann mjög mikið á góðu samstarfi foreldra og virkri þátttöku foreldra í skólastarfinu á margvíslegum sviðum.

Fræðimenn hafa bent á að hver skóli þurfi að móta samstarf sem henti umhverfi hans þannig að það mæti þörfum nemenda skólans, áhuga þeirra, getu og aldri. Þeir telja að þrátt fyrir sérkenni skóla séu til staðar á öllum skólastigum ákveðnir sameiginlegir þættir. Fræðikonan *Joyce L. Epstein* (1995) telur að þessir sameiginlegu þættir séu sex talsins og að hver þeirra feli í sér margar ólíkar gerðir samskipta og viðfangsefna sem skólinn þarf að leysa til að ná að virkja alla foreldra. Hver þáttur hefur einnig mismunandi áhrif á nemendur, foreldra, kennara og andrúmsloft skóla. Flokkarnir samkvæmt Epstein eru:

Uppeldi - Að skólinn fylgist með líkamlegum og andlegum þörfum nemenda, félagslegri hæfni, aga, sjálfsmati, öryggiskennd, sem og að barnið fái næringaríkt fæði og nægan svefn. Skólinn hefur það hlutverk að fræða foreldra um þarfir barna og mikilvægt er að samstaða ríki milli skólans og foreldrahópsins um megingildi þessara atriða.

Samskipti – Felast í gagnkvæmri upplýsingamiðlun milli heimila og skóla. Skólinn þarf að huga að leiðum til þess að virkja alla foreldra til þátttöku á foreldrafundum og öðrum skólatengdum atburðum. Mikilvægt er að nýta fjölbreyttar aðferðir til að miðla upplýsingum og gæta þess að skilaboðin séu auðlesin og vönduð auk þess að koma á opnu tvíhliða samskiptaferli milli skóla og heimila. Gera þarf foreldrum kleift og hvetja þá til að miðla til skólans mikilvægum bakgrunnsupplýsingum um nemandann t.d. um fjölskyldugerð hans sem og upplýsingum um breyttar aðstæður nemanda eða áföll sem hann verður fyrir – t.d. andlát í fjölskyldu. Mælt er með því að kennarar heimsæki heimili nemenda einstaka sinnum, t.d. við upphaf skólagöngu.

Sjálfböðastarf - Felst einkum í að fá foreldra til starfa sem sjálfböðaliða. Gera þarf sveigjanlega dagskrá fyrir sjálfböðaliða þannig að útvinandi foreldrar geti einnig tekið þátt. Foreldrar geta verið virkir á margvíslegan hátt, t.d. tekið þátt í bekkjarferðum, skólaskemmtunum, aðstoðað inni í bekk, kynnt störf sín eða áhugamál og þannig miðlað af sinni sérfræðipækkingu og reynslu.

Heimavinna - Felst í að skipuleggja reglulega heimavinnu sem ræða á heima, samstillta fjölskyldutengda heimavinnu milli mismunandi kennara og fá foreldra og nemendur til að taka þátt í mikilvægum ákvörðunum er tengjast breytingum á námsefni. Einnig á skólinn að fræða foreldra um mikilvægi heimanáms, aðferðir til að aðstoða börn sín við heimanám og námstækni.

Ákvarðanatöku – Að fá fulltrúa foreldra og nemenda til að vera þátttakendur í ákvarðanatöku og þjálfa foreldra í að miðla upplýsingum til annarra foreldra. Skólinn/foreldrafélagið getur boðið foreldrum upp á ýmis námskeið sem styrkja foreldra og örva til þess að taka þátt í starfi foreldrafélagsins.

Samvinna við samfélagið – Mikilvægt er að tengja skólann ýmsum féлага- og æskulýðssamtökum, stofnunum og fyrirtækjum í nærsamfélaginu. Nemendur þurfa að kynnast framboði á tómskundastarfi, þjónustustofnunum og fyrirtækjum meðal annars til að fá betri skilning á því samfélagi sem þeir búa í. Einnig þarf samfélagið að vera meðvitað um það starf sem á sér stað innan skólans því eins og máltækið segir: „Það þarf heilt þorp til að ala upp barn“. Skólinn þarf þess utan að upplýsa fjölskyldur um námskeið og þjónustu sem eru í boði og geta nýst nemendum sem og foreldrum, ganga úr skugga um að allir hafi jafnan aðgang að þjónustu og samþætta barna- og fjölskylduþjónustu við menntun.

Epstein segir að flokkunarkerfi hennar minni fólk á að öll samskipti heimila og skóla hafi ekki þau áhrif að bæta námsárangur heldur séu sum samskipti líklegri til að bæta til dæmis viðhorf og hegðun nemenda. Ólík samskipti heimila og skóla hafa líka mismunandi áhrif á foreldra og kennara. Foreldrar geta til dæmis fengið þjálfun í ákvarðanatöku og einnig orðið öruggari uppalendur. Kennarar geta meðal annars öðlast meiri hæfni í að eiga samskipti við foreldra, geta átt auðveldara með að skilja fjölskyldur og aðstæður þeirra, nálgast heimavinnu á ólíkan hátt auk þess sem samskipti þeirra við fjölskyldur og samfélagið aukast. Þessar sex gerðir foreldrasamstarfs geta að mati Epstein verið leiðarljós við þróun foreldrasamstarfs. Útkoman fyrir nemendur, foreldra og kennara fer eftir því hvaða þættir eru teknir inn og hver gæði samstarfsins eru.

Reykjavík ágúst 2005

Elín Thorarensen M.Ed., fyrrverandi framkvæmdastjóri Heimilis og skóla.

¹ Epstein, J.L. 1995. *School, Family and Community Partnerships. A Handbook for Action*. California. Corwin Press, Inc.

¹Hickman o.fl. 1995. High school Parent Involvement: Relationship with Achievement, Grade level, SES, and Gender. *Journal of Research and Development in Education*, 28,3:125-134;

¹Wang o.fl. 1990. What Influences Learning? A Content Analysis of Review Literature. *The Journal of Educational Research*, 84,1:30-43.

² Bloom, B.S. 1986. The home environment and school learning. The Study Group on the National Assessment of Student Achievement. *The nation's report card*.

Þarfagreining á samstarfi heimila og skóla

Skólar þurfa reglulega að staldra við og setja sér markmið með sínu samstarfi. Gott er að nota sex samstarfsflokka Epstein sem kynntir voru hér að framan sem viðmið.

Dæmi um vinnuferli vegna þarfagreiningar: Sett er á laggirnar **teymi** til að skoða stöðu skólans hvað varðar samstarf við heimilin eða vinna þarfagreininguna á vettvangi skólaráðsins. *Þátttakendur í slíku teymi gætu verið:* Skólastjórnendur, deildarstjórar, fulltrúar kennara, formaður foreldrafélags, fulltrúar nemenda og jafnvel námsráðgjafi við skólann.

Þarfagreining – Skilgreina þarfirnar eins og teymið sér þær. Skrá niður markmið samstarfs.

Greining út frá líkani Epstein. Sjá töflu hér neðar. Hver flokkur er metinn og skráð niður hvaða verkefni eru í gangi. Þau verkefni yfirfarin – eru þau að virka? Þarf að laga, breyta eða bæta? Teymið setur einnig niður á blað hugmyndir um fleiri verkefni sem þarf að gera í hverjum flokki til að ná markmiðum skólans um foreldrasamstarf.

Spurningakannanir lagðar fyrir foreldra – nemendur – kennara – annað starfsfólk skólans.

Viðtöl við nokkra kennara, foreldra og nemendur um viðhorf til samstarfs, skilning á mikilvægi samstarfs og hugmyndir um eðli þess.

Skipulagning – Ákveða hvaða þætti þarf að laga, hverju þarf að bæta við og setja upp aðgerðaráætlun um hvernig það skal unnið.

Samstarfsflokkar Epstein – Öflugt samstarf tekur tillit til allra sex flokkanna

Flokkur	Verkefni sem eru í gangi	Verkefni sem þarf að gera
1. Hvað er skólinn að gera til að styðja við foreldra í uppeldishlutverki sínu?		
2. Hvað þarf skólinn að gera til að bæta upplýsingaflæði sitt til foreldra? Hvað þarf að gera til að virkja foreldra og auðvelda þeim að miðla upplýsingum til skólans? Hvert er hlutverk umsjónarkennara?		
3. Hvað þarf að gera til að auðvelda öllum foreldrum að taka þátt í skólastarfinu?		
4. Hvaða aðferðir eru notaðar til að hjálpa aðstandendum að styðja við nám barnanna?		
5. Hvernig stuðlar skólinn að þátttöku foreldra í skipulögðu samstarfi við skólann? Hvað er í boði ?		
6. Hvernig hvetur skólinn til samstarfs milli sín, heimila og annarra aðila í nærsamfélaginu?		

Að skapa grunnskólanemendum góð uppeldis- og námsskilyrði

Þann 12. júní 2008 tóku ný grunnskólalög gildi og ríkisstjórnin samþykkti nýja menntastefnu og framtíðarsýn í skólamállum. Þar er áhersla lögð á nemandann sjálfan og þá þekkingu, færni og kunnáttu sem hann aflar sér til undirbúnings fyrir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, atvinnulífi og til að mennta sig alla ævi. Einnig á samfellu, sveigjanleika og valfrelsi í skólastarfi, velferð nemandans og öflugt stuðningskerfi

Allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Skólinn skal í hvívetna haga störfum sínum þannig að nemendur finni til öryggis og njóti hæfileika sinna. Nemendur eiga rétt á því að njóta bernsku sinnar í öllu starfi á vegum skólans. Þeim hafa verið sköpuð skilyrði til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námsumhverfi, námstillhögun, fyrirkomulag skólastarfs og aðrar ákvarðanir sem snerta þá. Það gera þeir til dæmis í nemendaráðum og með setu í skólaráðum. Taka skal tillit til sjónarmiða þeirra eins og unnt er.

Hver nemandi skal hafa umsjónarkennara. Umsjónarkennari fylgist náið með námi nemenda sinna og þroska, líðan og almennri velferð, leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar og ráðleggur þeim um persónuleg mál og stuðlar að því að efla samstarf skóla og heimila. Ennfremur eiga nemendur rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í grunnskóla af til þess bærum sérfræðingum.

Bæði umsjónarkennarar og ekki hvað síst foreldrar eru málsvarar nemenda, fyrirmyndir þeirra og stuðningsaðilar. Þeir eru líka helstu fyrirmyndir barnanna. Með nýrri menntalöggjöf eru foreldrafélög í grunnskólum nú lögbundin en foreldraráð í grunnskólum hafa verið lögð niður. Við hvern grunnskóla skal nú starfa **skólaráð** sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahaldið. Skólaráð fylgist meðal annars almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

Eitt af lykilatriðunum í nýrri menntastefnu er að tryggja velferð allra grunnskólabarna og jöfn tækifæri til náms, að nemendur og foreldrar þeirra eigi fjölbreytta valkosti um val á grunnskólum og tilhögun náms. Þá er gert ráð fyrir aukinni þátttöku foreldra í skólastarfi og þeim tryggð nánari tengsl við stjórn skóla. Ábyrgð, réttindi og skyldur barna og foreldra eru nánar skýrð og skerpt er á kæruleiðum og meðferð ágreiningsmála. Forræði sveitarfélaga er aukið í skólarekstri og sjálfstæði skóla styrkt. Í nýju lögunum er ábyrgð menntamálaráðuneytis, sveitarfélaga og skóla skýrð nánar og gæðastarfi gefið aukið vægi. Lögð er aukin áhersla á tengsl foreldra við skólastarfið og tengingu skólans við nærsamfélagið. Þannig er sveitarfélögunum skapað svigrúm til að móta skólahald og auka valfrelsi nemenda og foreldra

Samkvæmt 8. grein nýju laganna skal skólaráð skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, 2 fulltrúum kennara ásamt 1 fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, 2 fulltrúum nemenda og 2 fulltrúum foreldra auk skólastjóra, sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki 1 fulltrúa grennarsamfélagsins til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Með virkri þátttöku í skólaráðum er nemendum gefinn kostur á aðkomu að stjórnun skólans og þar með að taka þátt í mótun skólastarfsins. Til þess þurfa nemendur ákveðið bakland í nemendahópnum handleiðslu og hvatningu frá kennurum, starfsmönnum félagsmiðstöðva, foreldrum og í raun áhuga og stuðning frá öllu skólasamfélaginu.

Helga Margrét Guðmundsdóttir, 2009. Verkefnastjóri hjá Heimili og skóla

Sjálfsákvæðanaréttur og andmælaréttur barna

Í 1. mgr. 12 greinar Barnasáttmálans segir:

„Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálst í ljós í öllum málum sem það varðar, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska” (Þórhildur Líndal, 2007).

Barna kemur fram að taka skal réttmætt tillit til skoðana barna og að barnið sé sjálfstæður einstaklingur með fullgild mannréttindi og skoðanir sem ber að virða og taka tillit til. Barna er átt við virka lýðræðisþátttöku barna sem meðal annars felst í því að börn séu tekin alvarlega af mikilvægum fullorðnum einstaklingum í lífi þeirra og skoðanir þeirra virtar. Þetta krefur hina fullorðnu um að hafa ósvikinn áhuga á sjónarmiðum barna og þeim ber að hafa gott samstarf um uppeldi og menntun barna.

Til þess að börnin geti tjáð sig um mál er þau varða þarf í raun að byrja á því að kenna þeim siðferði, lýðræðislegar leikreglur og leyfa þeim síðan að þróa sínar formlegu leiðir að ákvarðanatökunni. Til að börnin geti verið þeir þátttakendur sem þau hafa rétt á þarf kennslan í lýðræðislegum leikreglum að fara fram í formi *meistarans og lærlingsins* eða fullorðinna og barna. Þar gefa hinir fullorðnu börnunum ráð, leiðbeina þeim og hjálpa við að taka upplýsta ákvörðun. Hið svokallaða þáttökulýðræði sem hér er lýst á meðal annars rætur að rekja til hinna þekktu heimspekinga og uppeldisfrömuða John Mill og Rousseau um að forsendur lýðræðis séu virk og viðvarandi þátttaka borgaranna þegar teknar eru ákvarðanir. Þannig verða einstaklingar að ábyrgum og upplýstum þjóðfélagsþegnum og borgaravitundin eykst (*Skundum á Þingvöllum, 2003 – barn.is*).

Í 2. mgr. 12. greinar Barnasáttmálans segir:

„Vegna þessa skal barni einkum veitt tækifæri til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem barnið varðar, annað hvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar, á þann hátt sem samræmist reglum í lögum um málsmeðferð” (Þórhildur Líndal, 2007).

Hér í seinni hluta tólftu greinarinnar er enn og aftur ítrekaður réttur barna til að tjá sig og á við um hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem varðar barnið. Þessi réttur nær til yfirheyrslna og skýrslutöku af mjög fjölbreyttu tagi en einnig til formlegrar ákvarðanatöku sem varðar barnið svo sem menntun þess. **Af þessu má ætla að ef barn til dæmis brýtur bekkjarreglur, skólareglur eða reglur í félagsmiðstöð þá þarf barninu að vera ljóst að það hefur andmælarétt og á kost á að tala sínu máli.**

Þess vegna ber stjórnvöldum, þar á meðal sveitarstjórnnum og embættismönnum á þeirra vegum svo sem skólustjórum og kennurum að hlusta á skoðanir barna og virða þær. Hér er fyrst og fremst um að ræða málefni er snerta börn á einn eða annan hátt og þau þekkja af eigin raun. Helsta einkenni þáttökulýðræðis er að taka á þennan hátt þátt í ákvarðanatökunni. Fáir þau hvatningu til þess að tjá sig um sitt nánasta umhverfi er þeim sýndur áhugi og mark tekið á sjónarmiðum þeirra er líklegra að við fáum hollustu þeirra við það nám og starf sem í boði er fyrir þau.

Helga Margrét Guðmundsdóttir, 2009. Verkefnastjóri hjá Heimili og skóla.

Aukin foreldrahæfni

Á ýmsum tímamótum í lífinu þarfnast börn foreldra sinna meira en annars t.d. í skólabyrjun á haustin. Á undanförunum árum hefur hlutverk foreldra og kennara tekið miklum stakkaskiptum samfara ýmsum samfélagsbreytingum. Fjölskyldulíf, viðhorf til barna og viðurværi þeirra hefur mikið breyst. Segja má að foreldrar á 21. öldinni standi frammi fyrir ýmsum skyldum og vanda sem þeir þekkja ekki úr eigin uppvexti og krefur þá um endurskoðun á ákveðnum gildum og forgangsröðun í daglegu lífi. Sumir ganga svo langt að tala um að foreldrar þurfi beinlínis að læra upp á nýtt að ala upp börn sín og að foreldrar þurfi stuðning við að aðlagast breyttum aðstæðum. Áður var mikil áhersla lögð á hlýðni en nú á tímum er lítið á börn sem einstaklinga sem njóta réttar en ekki sem eign foreldra sinna. Nokkur sveitarfélög hafa verið í fararbroddi á undanförunum árum með sérstök foreldranámskeið og uppbyggingu foreldrasamstarfs í skólum með góðum árangri.

Í sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna eru foreldrar og forráðamenn gerðir ábyrgir fyrir uppeldi og þroska þeirra. Þar er tekið fram að foreldrar skuli ævinlega hafa hag barnsins að leiðarljósi og skuli láta velferð og þroska barnsins hafa forgang í lífinu. Þar kemur einnig fram að foreldrar skuli veita börnum sínum nærandi stuðning, kjölfestu, leiðsögn og viðurkenningu. Þeir eiga að efla sjálfsvitund barnsins sem miðar að því að auka sjálfstraust þess, sjálfstjórn og hæfni til að hafa áhrif á viðhorf og hegðun annarra. Foreldrar eru hvattir til að temja sér uppeldisaðferðir sem þjóna hagsmunum barnsins sem allra best og reyna að hámarka eiginleika þess. Um þetta er skýrsla Evrópuráðsins, *Foreldrahæfni í Evrópu samtímans*, sem kom út árið 2006 og nánar í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins til aðildarríkja um stefnu til eflingar foreldrahæfni. Stjórnvöld hafa því sínar skyldur og þurfa að styðja foreldra í uppeldinu með því að skapa þeim gott viðurværi og góð uppvaxtarskilyrði fyrir börn. Þeim ber einnig að taka í taumana til að vernda barnið ef það er vanrækt eða beitt ofbeldi.

Með breyttum lífnaðarháttum í nútímaveruleika eru því gerðar aðrar og meiri kröfur en áður var til foreldra um hæfni þeirra og stuðning við börnin. Uppeldisskyldur foreldra og skyldur þeirra varðandi nám barnanna er eitthvað sem allir foreldrar ættu að kynna sér. Einnig er mikilvægt að foreldrar viti til hvers er ætlast af þeim varðandi skólagöngu barna, um samvinnu heimila og skóla, heimanámið, tómstundir og uppeldis- og námsskilyrði barna almennt.

Nú í skólabyrjun þegar ný grunnskólalög hafa tekið gildi fá foreldrar tækifæri til að skoða málið og kynna sér nýja menntastefnu á nymenntastefna.is. Þar er hægt að sjá nýju lögin og koma með fyrirspurnir. Einnig viljum við hjá Heimili og skóla - landssamtökum foreldra benda á heimasíður skólanna þar sem hægt er að nálgast staðbundnar upplýsingar t.d. skoða skólanámskrá skólans, skólareglur, skóladagatalið og stefnu skólans varðandi samstarf við heimilin. Flestir grunnskólar hefjast 22. ágúst en nánari upplýsingar ættu að vera á heimasíðum skólanna. Þar eru líka yfirleitt upplýsingar um stjórn foreldrafélagsins og samstarf foreldra, upplýsingar um hlutverk bekkjarfulltrúa og ýmsa viðburði.

Í nýju lögunum eru foreldrafélög í grunnskólum lögbundin, foreldraráð lögð niður en við hvern grunnskóla skal nú starfa **skólaráð** sem verður samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahaldið. Skólaráð fylgist m.a. almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Samkvæmt 8. grein nýju laganna skal skólaráð skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra auk skólastjóra, sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélagsins til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra.

Helga Margrét Guðmundsdóttir, 2009. Verkefnastjóri hjá Heimili og skóla

Fundarsköp

Formaður boðar eða lætur boða til fundar með dagskrá. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Dagskrá skal send til fundarmanna í síðasta lagi sólarhring fyrir fund. Hægt er að boða til fundar með styttri fyrirvara með samþykki stjórnarmanna og skal það bókað í upphafi fundar. Óski stjórnarmaður eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna formanni það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn eigi síðar en á Um hádegi tveimur dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver stjórnarmaður óskar þess.

Fundir stjórnar eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Fundur er lögmætur ef meira en helmingur stjórnarmanna er á fundi. Fundir hjá stjórn foreldrafélaga geta enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður eða foreldraráð ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Formaður sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

Á næstu síðu má sjá dæmi um skipulag fyrir fundargerð.

Fundargerð

Fundarstjórn:	Fundarritari:
Mætt:	Dagsetning fundar:
Fundargerð til:	

Dagskrá: 1. 2. 3. Fundarumræða:

Ákvarðanir/niðurstöður	Ábyrgð	Klára fyrir dags.

Næsti fundur: _____
Dagskrá: * * *